

BJÖSSI OG SVAVA
ÁSTFANGIN Á
TÍSKUSÝNINGU NTC



NÆSTHÆSTI
MAÐUR LANDSINS
ÞARF AÐ MÁTA BÍLA



hér & n

Fimmtudagur 6. apríl 2006 - 14. töl. - 2. árgangur - Verð: 395 krónur

NYLON-STELPURNAR



EYDDU HUNDRUÐUM
ÞÚSUNDA

PRÓFLAUS GLÚMUR



KOMINN MEÐ
EINKABÍLSTJÓRA

HÖRÐUR
TORFA

GEFUR ÚT
BANNAÐA
PLÖTU



FLIPPAÐI ÞJÓÐVERJINN
SNÝR AFTUR



Saknar
kærastans!

Idol
ALIT UM
LOKAÞÁTTINN



LEYNIGESTUR
Í ÚRSLITUM
IDOLSINS

Andrea Róberts

Í beinni frá NASA



ISSN 1670-598X



L'

O

R



1. Styrkir samstundis.

Sérstaklega styrkjandi gel, með þrisvar sinnum meiri strykleika af pro-tensium*.

Bein styrkingaráhrif: 75% **

É

A

L

PARIS

DERMO-EXPERTISE

Öflug styrking
húðarinnar.

REVITALIFT DOUBLE LIFTING

NÝTT

ÖFLUGT STYRKINGARGEL + HRUKKUVARNARKERM



2. Dregur úr hrukkum frá degi til dags.

Hrukkuvörn með pro-rétinól A öreindum.

-20% minni hrukkur á 1 viku ***

DERMO-EXPERTISE.
FRÁ FAGMENNSKU TIL FEGURÐAR.
ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

L'ORÉAL
PARIS

* En í hinum hrukkuvarnarkremunum í Dermo Expertise línum.
** Sönnuð áhrif, prófað á 52 konum.
*** Prófað á 40 konum.

VERÐHRUN Á VELLÍÐAN!

PÚ KAUPIR ÞRIGGJA MÁNAÐA KORT
OG FÆRÐ TVO MÁNUÐI AUKALEGA



AÐEINS 16.900.- (3.380,- PER MÁNUÐ)
...OG VIÐ GERUM ENN BETUR!

ÞVÍ ÞÚ FÆRÐ EINNIG:

- ~RAUTT EÐAL GINSENG - TIL AD AUKA ÚTHALD OG EFLA PÓL
- ~5 TÍMA LJÓSAKORT - TIL AD BRÚA BILID ÞANGAD TIL SÓLIN LÆTUR SJÁ SIG
- ~RÁÐGJÖF EINKAÞJÁLFAFA - TIL AD ÞÚ NÁIR SEM BESTUM ÁRANGRI
- ~VEGGSPORT BOL - TIL AD HINIR Í VEGGSPORTKLÍKUNNI ÞEKKI ÞIG Á GÖTU
- ~VEGGSPORT VATNSBRÚSA - ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAD SKILID



VEGGSPORT

Skvass & Heilsurækt

STÓRHÖFÐA 17, VIÐ GULLINBRÚ
SÍMAR 577 5555 & 577 5566

TÆKJASALUR
GOLFHERMIR
SPINNING
ERÓBIKK
SKVASS
KARFA
GUFUBAÐ



hér & nú



48-49

STJÖRNUFRÉTTIR

6-8 Stelpurnar í Nylon grípnar glóðvolgar í Smáralindinni.

10 Johnny English: Heitasti gæinn í bænum.

11 Glúmur Baldvins með einka-bílstjóra sem skutlar honum um allt.

12-13 Allt um úrslitabátt Idolsins og leynigestinn.

14-17 Innlendar fréttir.

18-19 Heitasta erlenda slúðrið.

20 Faðir Lindu smíðar bústað fyrir ofan Grímsnesið.

22-23 Hvað er að fréttá? Hörður Torfa.

LÍFSSTÍLL

25 Rauði dregillinn. Stjörnurnar og dressin.

26-27 Idolið. Bríet Sunna datt út á föstudaginn.

28-29 Ungfrú Reykjavík 2006.

30-31 Bransasagan. Viddi í Greifunum.

32-33 Tískusýning Diesel.

34-35 Helgin með Hér & nú.

36-37 Fataskápur Ragnheiðar Óskarsdóttur.

38 Norska Hér & nú. Vinsælt eins og það íslenska.

40-41 Fáðu rass eins og J.Lo.

42 Mogadon Forte. Vilja helst spila fyrir tvo.

ALVÖRU FÓLK

45 Ástarsagan. Tantraparið Ingibjörg R. Pengilsdóttir og Jón Jóhann Jóhannsson.

46-47 Sakamálasagan. Franskar systur myrtar.

48-49 Sirrý segir: Ríkdæmi býr innra með okkur.

50-53 Guðmundur Magnússon. Á fullu í pólitíkinni.

54-55 Íþróttafélag fatlaðra. Stærsti sigurinn er að taka bát.

56 Eskimo-fyrirsætur. Landvinningar á Indlandi.

58-59 Kafarastelpan. Ingibjörg ferðast um heiminn til að kafa.

60-61 Egill Jónasson. Næsthæsti maður landsins.

62 Tíu hlutir... Sólveig Kr. Bergmann.

64 Spurðu vin þinn.

65 Skopmyndin.

66 Krossgáta vikunnar.

68 Hér & nú-stúlkan.



28-29



32-33



60-61



26-27



Alltaf Góðar

Roastbeefpizza ~ Parmaskinkupizza

Grænmetispizza með sólpuurrkuðum tómötum

Kjúklingapizza með gullosti ~ Ostaveisla með ribsgel

Valbraut

5 68 68 68

Mjódd

KEYPTU FÖT FYRIR HUNDRUÐ ÞÚSUNDA

Stelpurnar í Nylon gripnar glóðvólgar



Pessi fer þér mjög vel Erlendur stílisti hjálpaði stelpunum að velja.



Gella Steinunn lagar hér hárið á sér eins og sönn poppstjarna.

Hvernig finnst þér pessi? Stelpurnar eyddu dágóðum tíma í búðunum.



Er þetta ekki eitthvað voða fínt? Alma flettir í gegnum fötin á einni slánni.

Stelpurnar í Nylon eru aftur komnar hingað til lands eftir vel heppnaða dvöl á Englandi. Þær héldu þær hverja tónleikana á fætur öðrum við frábærar undirtektir Bretans. Þær eru nú hingað komnar til að taka upp myndband og eyddu öllum gærdeginum í Vík í Mýrdal við tókur. Nýtt lag með stelpunum fer svo í spilun á morgun. Hér & nú rakst hins vegar á stelpurnar í Smáralindinni þar sem þær eyddu hundruðum þúsunda í verslunum Top Shop og Oasis. Það var greinilegt að stelpunum leiddist ekki að velja sér föt og voru eins og fimm ára krakkar klukkan sex á aðfangadag. Alma, Emilía, Klara og Steinunn munu síðan halda á nýjan leik til Bretlands og spila með strákunum í Westlife.

Testi Breki Logason H&N-myndir Vilhelm



Paparazzi!

Nylon Stelpurnar mættar í verslunarferðina.



Hey þú! ...ógeðslega töff, ertu að tala við mig?



Húðflúr Steinunn er með húðflúr á mallakútnum.



Fögur Klara í Nylon má eiga það að hún er stórglæsileg.

Framhald á næstu síðu

KEYPTU FÖT FYRIR HUNDRUÐ ÞÚSUNDA

Í paradís!



Erum við ekki finar?
Steinunn og Klara koma hér út úr mátunarklefanum.



Kiss me...
Steinunn mátar eitt dressið.



Stelpur brosa...
Klara gæti hér verið að biðja stelpurnar um að brosa aðeins.



Gaman Það er oft gaman að kaupa sér föt.



Glaðar Stelpurnar voru ánægðar með að hittast í Smáralindinni.



Þar sem árangurinn hefst !!


ÍÞRÓTTA BÚÐIN
Gransósvogur 16 / 108 Reykjavík

S: 568-0111 www.ithrottabudin.is



Íslendingurinn Johnny English sló í gegn á tísku- sýningu NTC

ÍSLENSKAR STELPUR ERU ÓGEDSLEGA SÆTAR

STJÖRNU-
FRÉTTIR

Þetta er nú frekar nýtt fyrir mér en ég hef áhuga á fyrirsætustörfum og langar að prófa þetta aðeins," segir Jón sem gjarnan er kallaður Johnny English. Jón sló í gegn á tíkusýningu NTC um síðustu helgi og hafa stelpurnar sem voru á svæðinu varla talað um annað.

„Ég á nú enga kærustu og það gengur ekkert sérstaklega vel að ná í eina. Þegar ég vil eitthvað meira en eitt kvöld, þá meika þær það ekki. Þetta er nú ekkert svakalega erfitt hjá mér en ég er nú enginn þvilíkur hössler," segir Johnny sem var að taka þátt í sinni fyrstu almennilegu tíkusýningu. Hann fór fyrir alvöru út í módelstörfin eftir að hann flutti heim til Íslands en hann hefur búið í Birmingham á Englandi nánast allt sitt líf.

„Ég gat ekki fundið mér neina góða vinnu úti. Ég er núna 23 ára og hef ekki búið hérna í tæp 20 ár. Mig langaði aðeins að kynnast

minni þjóð og líst rosalega vel á. Stelpurnar hérna eru ógeðslega sætar en það er ekkert varið í stelpurnar á Englandi. Það er aðalástæðan fyrir því að ég hef ákveðið að vera hérna lengur," segir Johnny nokkuð beittur.

Þessa dagana er hann að leita sér að íbúð niðri í bæ en hann hefur búið hjá frænku sinni síðan hann kom hingað til lands fyrir rúmu ári. „Ég bý eiginlega í svona frekar köldu geymsluherbergi og langar að flytja niður í bæ. Ég djamma nú svolítið og fer þá aðallega á Prikkið, Oliver og Hverfisbarinn. Ég er samt að reyna að minnka það aðeins," segir Johnny sem er að leita sér að stelpu.

„Hún þarf bara að vera skemmtileg og traust. Útlitið skiptir auðvitað einhverju máli en ég er frekar „straight forward“ gaur. Ef það er eitthvað sem ég fíla ekki, þá eru það stelpur sem eru að spila einhverja leiki, það er ekki fyrir mig.“

Johnny English
Sló í gegn á tíku-
sýningu NTC og
vinnur í Sautján.

Flottur Jón þykir vera með þeim myndarlegri í bænum í dag.

Les blöð Jón er hér að skoða eitt-hvert tískublaðið.

Texti: Breki Logason og Jón Mýrdal - H&N-mynd: E.Ól.

Glúmur Baldvins flottur á því

Skutlað
allt!

STJÖRNU-
FRÉTTIR

Glúmur Baldvinsson
Missti prófið en er nú
kominn með einkabílstjóra.

MEÐ EINKABÍLSTJÓRA

Ekki lengur við stýrið
Frændi Glúms keyrir
hann nú á milli staða.

Texti: Breki Logason

Fréttamaðurinn Glúmur Baldvinsson á einn flottasta topplausa Saab bæjarins. Fyrir skömmu missti hann prófið og hefur verið í bölvuðum vandræðum með að komast á milli staða. Hann dó þó ekki ráðalaus frekar en fyrri daginn og er nú kominn með einkabílstjóra. Það er náfrændi Glúms, Ívar Schram, sem keyrir kappann á milli staða en sá ku vera nokkuð liðtækur tónlistarmaður. Var strákurinn að gefa út sína fyrstu plötu með hljómsveitinni Original Melody. Platan heitir Fantastic Four og segja fróðir menn að hún hljómi nokkuð vel. Glúmur mun hafa fest kaup á Saabinum í Brussel þar sem hann bjó áður en hann fór í fréttirnar. Eins og flestir vita er Glúmur sonur þeirra Jóns Baldvins Hannibalssonar og Bryndísar Schram.

Glæsileg hjón
Foreldrar Glúms
eru þau Jón Baldvin
Hannibalsson og
Bryndís Schram.

Flippaði Þjóðverjinn verður leynigestur á úrslitakvöldi Idolsins

SYNGUR ABBA-LAG SEM HEYRÐI FYRST Í MÓÐURK

Já, ég er dálítið spenntur en þínulítið hræddur líka. Vegna þess að lagið á disknum sem ég fékk í gær er allt öðruvísi en það sem ég þekki og hlustaði alltaf á,“ segir Benedikt Van Hoof sem sló í gegn í fyrstu þáttum Idolsins. Benedikt er með íslenska skjaldarmerkið húðflúrað á bringuna og ætlar að koma fram sem leynigestur á úrslitakvöldi Idolsins.

„Ég ætla að syngja So I say thank you for the music með Abba sem ég syng alltaf heima hjá mér,“ segir Benedikt sem keyrir út póst á daginn og syngur stanslaust í bílnum. „Ég get eiginlega ekki ímyndað mér hvernig þetta verður, þetta er náttúrulega úrslitapátturinn og allir Íslendingar eru að fylgjast með þessu,“ segir Benedikt sem fékk mikla athygli eftir þátttökuna í Idolínu.

„Það kom kona til mín núna í síðustu viku og mundi eftir mér frá því í september, ég veit ekki hvernig þetta á eftir að verða eftir föstudagskvöldið.“

Elskar ekki konur

Benedikt er vel húðflúraður um allan líkamann og ætlar að fá sér Færeyjar á bakið fljótlega. „Ég elska Færeyjar og eftir að ég heyrði Dominos-auglýsinguna með færeyska mannum hugsaði ég með mér að ég þyrfti að kynna þessu máli. Síðan fór ég niður í Félag Færeyinga og spurðist fyrir um færeyska þjóðbúninginn sem mig langar mjög í. Hann kostar 200.000 íslenskar krónur sem er alltof mikið,“ segir Benedikt og hlær.

Benedikt er fæddur árið 1977 sem er sama ár og Abba-lagið

kom út. „Þegar ég var í maganum á móður minni var lagið vinsælt og það er kannski þess vegna sem ég fíla það. Mamma sagði að Abba væri hjómsveit sem yrði alltaf í tisku og ég held að það sé rétt.“

Benedikt er einnig með húðflúr á hendinni sem er merki sápuóperu í Þýskalandi. „Hún heitir Forbidden Love og passar svöltið við mig. Ég elska nefnilega ekki konur og hef aldrei gert,“ segir Benedikt sem eignaðist kærasta í desember. „Við vorum saman í einn mánuð en hann sagði mér upp. Ég get ekki leitað að neinum öðrum því ég vil bara fá hann til baka,“ segir Benedikt Van Hoof spenntur fyrir úrslitakvöldi Idolsins.

Andrea Róberts á NASA

Ína og Snorri munu syngja lag sem sérstaklega er samið fyrir úrslitapátt Idolsins. Lagið er eftir engan annan en John Reid. John þessi er nokkuð virtur í Idol-heiminum og hefur unnið mikið með Simon Cowell, hinum kjaftfóra dómara úr American Idol. Samdi hann meðal annars lagið sem flutt var í úrslitum American Idol í fyrra.

John Reid Hefur unnið með Simon Cowell og Kelly Clarkson. Hann samdi lagið sem keppendur spreyta sig á í kvöld.

Hann hefur einnig samið mikið fyrir Kelly Clarkson og strákana í Westlife. Það verður því fróðlegt að heyra lagið, sem Stefán Hilmarrson semur textann við.

Klukkan fjögur í dag, fimmtudag, verður hægt að hitta Idolkeppendurna í Smáralindinni og fá eiginhandararitani. Þátturinn annað kvöld verður í lengra lagi og hefst klukkan átta en ekki hálf níu eins og venjulega.

Það verða stuðningsmannapartí, á NASA fyrir Snorra og á Hótel Húsavík fyrir Ínu. Á NASA verður drottningin Andrea Róbertsdóttir í beinni útsendingu en hún er nýkomin heim úr ferðalagi um Asíu. Á Húsavík verður svo Hálfán, gjarnan kenndur við Djúpu laugina eða Veggfóður. Það er því óhætt að segja að enginn megi missa af úrslitapætti Idolsins annað kvöld.



Ína Valgerður Pétursdóttir 18 ára og keppir til úrslita annað kvöld.



Andrea Róberts Verður í beinni frá NASA annað kvöld.

Texti: Breki Logason og Jón Mýrdal

Allt um úrslitapáttinn!

HANN KVIÐI



Flippaði
þjóðverjinn!

Snorri Snorrason
Keppir til úrslita
annað kvöld.



Allur þakinn Benedikt vonast eftir að ná aftur í kærastann.



Benedikt Van Hoof
Vinnur hjá póstinum
og verður leynigestur í
Idolinu annað kvöld.



Útgáfufélag 365 – prentmiðlar.
Útgefandi Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvín Baldvinsson ábm.
Ritstjóri Breki Logason, breki@hognu.is.

Ritstjörn Berglind Halla Eilífúddóttir, berglind@hognu.is Jón Myrdal,
myrdal@hognu.is, Ragnar Pétursson, ragnar@hognu.is.

Hér & nú Skaftahló 24, 105 Rvík, sími: 550 5000.

Fax Auglýsingar: 515 7599 – Ritstjörn: 550 5075.

Netfang Ritstjörn: ritstjorn@hognu.is – Auglýsingar:
auglysingar@hognu.is. Umbrot 365 – prentmiðlar Hilmar Gunnarsson.

Prentvinnsla Ísafoldarprentsmíða. Dreifing Pósthúsið ehf.,
dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar
myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabókum án endurgjalds.

Ég ætla að fá hjá þér ríffilinn

Það er voðalega auðvelt að sitja úti í horni og láta menn fá það óþvegið. Þetta þjóðfélag sem við lifum í er uppfyllt af svokölluðum besservisserum. Mönnum sem setjast á hæsta hestinn og skjóta hörðum skotum á allt í kringum sig. Það fer í taugarnar á mér þegar einhver þykist vita betur en allir aðrir. Þegar menn gefa sér hitt og þetta, benda og fullyrða eitthvert djöfulsins bull.

Það er eitt hugtak sem ég hef aldrei skilið: Þjóðfélagsrýnir. „Hann er svo naskur þjóðfélagsrýnir,“ er oft sagt um þá sem setjast í settið og steypa um eitthvað sem þeir virðast ekki vita neitt um. Og þetta gerist trekk í trekk.

Ég fór á pressukvöld Blaðamannafélagsins í síðustu viku. Hlustaði þar á einhvern prófessor og fleiri þjóðfélagsrýna tala um eitthvað sem þeir höfðu ekki hundsvit á. Fjölmiðlafólk er nefnilega einhver sjálfhverfasti hópur þessa lands. Flest þeirra eru sífellt að telja sér trú um að þau séu að bjarga heiminum og breyta ríkjandi ástandi.

Ég lendi sífellt í því að annað fjölmiðlafólk lítur niður á þær fréttir sem ég skrifa. Finnst eitthvað merkilegra að fylgi Framsóknarflokksins sé svona og svona eða að búið sé að fá vilyrði fyrir stækkun Ylstrandarinnar í Nauthólsvík.

Staðreyndin er aftur á móti sú að það er til fullt af fólki sem er alveg drullusama um Framsóknarflokkinn og vill miklu frekar vita hverjir voru á djammau um helgina.

Þjóðfélagsrýnarnir skjóta nefnilega í allar áttir. Fussa og hneykslast yfir breyttum aðferðum í blaðamennsku. En það er eitt í þessu. Mogginn og Hér & nú eru bara alls ekkert það sama. Það þýðir ekkert að bera saman nælonsokkabuxur og snjógalla. Það verður bara aldrei hægt.

Það væri því gaman að þjóðfélagsrýnarnir myndu hugsa sig tvisvar um áður en þeir setjast í settið, munda ríffilinn og halda því fram að nælonsokkabuxur og snjógalli séu það sama. Því þá hef ég aðeins eitt við þá að segja: „Ég ætla að fá hjá þér ríffilinn.“

Breki Logason



DJÖFLATERTAN ORÐIN NÁMSBÓK

Skáldsagan Djöflatertan eftir þær Mörtu Maríu Jónasdóttur og Þóru Sigurðardóttur sem kom út fyrir síðustu júl er á námskrá í Menntaskólunum í Kópavogi. Það þykir mikill heiður fyrir rithöfunda að verk þeirra séu kennd við menntaskóla og ættu því höfundar Djöflatertunnar að vera stoltir. Marta María hefur reyndar aðallega skrifað um tísku í Fréttablaðið og Þóra skemmtir krökkum í Stundinni okkar. Nemendur við skólann geta valið sé bækur til lestrar og þurfa svo að skila ritgerð um verkið. Marta og Þóra geta því gengið stoltar um bæinn því fyrsta bók þeirra er nú orðin námsefni.



HEIMIR MÁR NORÐFJÖRÐ

Fréttahaukurinn Heimir Már Pétursson og ofurfrýrsætan Ósk Norðfjörð eru skyld. Sá brandari hefur gengið á fréttastofu NFS að það komi til álíta að ráða Ósk Norðfjörð sem íþróttafréttamann. Sagan segir að sumir séu búinir að fá nóg af honum Gaupa og vilji fá nýtt andlit á skjáinn. Enginn annar en Þorfinnur Ómarsson hefur stungið upp á Ósk í starfið. Heimir Már svaraði vist tölvupósti sem gekk á milli manna að það gengi ekki að grínast með þetta lengur því Ósk Norðfjörð væri náfrænka sín. Það er spurning hvort Heimir ætli að taka upp Norðfjörð-nafnið og myndi þá með stolti geta kallað sig: Heimir Már Norðfjörð.



BÆTIST Í G-MANNAHÓPINN

Fréttamaðurinn Guðmundur Pétur Matthíasson, sem kallar sig iðulega G. Pétur, hefur slegið í gegn hjá RÚV á síðustu misserum. Segja menn að hið sérstaka nafnauval Guðmundar hafi hjálpað honum að hreiðra um sig í hjörtum landsmanna. Eins og fram kom í síðasta tölublaði Hér & nú heitir Helgi Seljan, stjórnfréttamaðurinn sem stútaði jeppa Stöðvar 2, Georg Helgi Seljan fullu nafni. Því hefur verið fleygt að Helgi hygdist taka upp G-nafnið á næstunni að fyrirmynd kollega síns og kalla sig framvegis G. Helgi Seljan. Hvort það mun koma til með að gera hann að vinsælasta fréttamanni landsins getur tíminn einn leitt í ljós.





KLIPPTUR ÚT ÚR DRESSMAN- AUGLÝSINGU

Svenn Dam, nýskipaður forstjóri og varastjórnarformaður 365 Media Scandinavia A/S hefur útlit á við flottustu fyrirsætu. Svenn kemur til með að bera ábyrgð á uppbyggingu fjölmiðlastarfsemi Dagsbrúnar í Danmörku en jafnframt kanna ný viðskiptatækifæri á sviði fjölmiðlunar á Norðurlöndunum. Á myndinni má sjá að Svenn er eins og klipptur út úr auglýsingu frá Dressman. Hann myndi sóma sér vel í „slow motion“ á sjónvarps skjánum með hinum stórglæsilegu mönnum á fimmtugsaldri sem Dressman notar iðulega í auglýsingum sínum.

HELGIN SEM LEIÐ Á DJAMMINU

Á föstudaginn var heldur betur stjórnufans á veitingastaðnum L a Primavera. **Bjarni Benediktsson** alþingismaður var þar ásamt eiginkonu sinni. **Sjón** lét einnig sjá sig sem og **Ásgerður Júníusdóttir**. Herblife-kóngurinn **Jón Óttar Ragnarsson** fékk sér snæðing ásamt **Margréti Hrafnsdóttur** konu sinni. **Sigurður Kári** og **Birna** kærasta hans fengu sér einnig í gogginn ásamt **Sigurði Guðjóns-ynni**, **Birni Thors** og **Unni Ösp**. Eitt flottasta par landsins, **Jón Baldvin Hannibalsson** og **Bryndis Schram**, voru einnig á La Primavera en skelltu sér svo yfir á Sólon. Þar var heldur betur stjórnupartí. **Heiða** úr Idolinu lét sjá sig ásamt **Birgittu Haukdal**, **Ragnhildi Steinunni** úr Kastljósinu og **Vigni Snæ** úr Írafári. Á laugar-



dagskvöldinu var heldur betur stemming á NASA. Þar léku Baggalútsmenn könnrí. **Sveppi** var mættur en einnig mátti sjá **Gísla Marteinn** með félagu sínum **Illuga Gunnarssyni**. Ein flottasta fjölmiðlakona landsins, **Eyrún** úr Kastljósinu, var einnig mætt í sveiflu sem og stjórnublaðamaðurinn úr Kátum piltum **Jakob Bjarnar Grétarsson**.



Á laugardagskvöldið hélt **Ívar Guðmundsson** upp á fer-tugsafmæli sitt á NASA. Skítamóráll tryllti lýðönn og **Hemmi Gunn** var veislu-stjóri. Knattspyrnumaðurinn **Gummi Ben** lét sjá sig ásamt nokkrum strákum úr Sálinni. **Friðgeir** rótari Skítamóráls sást í hrókasamræðum við **Sigríði Hjálmars** blaðakonu á Séð og heyrtr. Á Prikinu var **Ómar Swarez** með nýju kærustunni sem og leikkonan skondna úr Stelpunum **Edda Björg Eyjólfsdóttir**. Ræðulið Menntaskólans í Reykjavík fagnaði einnig glæstum Morfíssigri á Kúltúra. Á Ölstofunni sat fréttamaðurinn **G. Helgi Seljan** að sumbli með félögum sínum.

HRINGDU INN FRÉTT OG FÁÐU PENING
550 50 70 15.000
kall!

Sástu einhvern frægan gera eitthvað fyndið? Veistu eitthvað sem enginn annar veit? Af hverju ekki að hringja í Hér & nú og fá smá pening fyrir fréttaskot? Fréttaskotssimsvarinn okkar er 550 50 70. Láttu í þér heyra og þú gætir átt fréttaskot vikunnar og fengið 15.000 krónur fyrir. Ef fréttin fer á forsiðu færðu 5.000 krónur og 3.000 ef fréttin þín ratar inn í blaðið. Láttu endilega í þér heyra.



FRÉTTASKOT hér&nú

-25%

Við bjóðum þér
25% afslátt af
vinnu við smur



Visa Mastercard Vaxtalausr lættgreiðslur!

BÍLKÓ - Betri verð!

Smíðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110



MÖMMUR MEÐ MISLIT AUGU

Hinir stórskemmtilegu nýju Strákar, Gunnar Sigurðsson og Atli Atlas, hafa aldeilis slegið í gegn á skjánum upp á síð-kastið. Þeir hafa lengi verið vinir og grínast mikið saman í gegnum tíðina hvor í sínu lagi. Gunnar var um tíma blaðamaður á systurblaði Hér & nú, Sæðu og

heyrðu, og grínaðist mikið þar. Atli sló fyrst eftirminnilega í gegn sem asnalegur unglingur í auglýsingum fyrir Atlaskortið og er hann enn kallaður Atli Atlas vegna þessa. Það vita þó færri að þeir hafa áður starfað saman. Þeir voru, fyrir fáeinum árum, báðir sendlar á Mogganum þar sem þeir grínuðust mikið hvor í öðrum og

í samstarfsmönnum sínum. Enn færri vita að mæður þeirra beggja eru með misliit augu, annað blátt og hitt brúnt – alveg eins og David Bowie. Skemmtileg tilviljun það.



BLOGG VIKUNNAR Sigmar Guðmundsson í Kastljósinu

APPELSÍNUGULA FÓLKID LASIÐ

Það gerðist nokkuð einkennilegt um síðustu helgi. Katla litla fékk guluna sem er víst nokkuð algengt með hvítvoðunga. Á fimmtudag og föstudag horfðum við beinlínis á barnið verða gulara og gulara með hverjum klukkutíma sem leið. Mér þótti merkilegt að um leið og barnið var orðið nákvæmlega jafngult í framan og Ásgeir Kolbeinsson þá var það í ofboði

lagt inná spítala!! Af þessu get ég ekki dregið aðra ályktun að þessi appelsínuguli húðlitur sem nú er í tísku meðal Gillzeneggera þessa lands, getur verið alvarlegt líkamlegt ástand sem þarf að bregðast við á heilbrigðisstofnun. Appelsínugula fólkid er því lasið. Búhú...”

– sigmarg.blogspot.com



Katie Melua

FÉKK EINA GYLLTA

Söngkonan sem fyllti Laugardalshöllina um helgina, Katie Melua, er heldur betur vinsæl hér á landi. Miðar á tónleikana seldust upp á örskotsstundu og fékk stelpan meðal annars afhenta gullplötu. Það þýðir að yfir 5.000 eintök af plötu hennar hafa selst hér.

Hinn eini sanni Hermann Gunnarsson hefur barist við tóbaksdjöfulinn lengi. Nú ætlar hann aftur á móti að vinna sigur og hefur lýst því yfir að hann ætli að hætta 1. maí. Þetta er skemmtileg dagsetning hjá honum Hemma því 1. maí er ekki bara 121. dagur ársins samkvæmt gregoríska tímatalinu, heldur eru 244 dagar eftir af árinu. Á þingi evrópskra verkalyðsfélaga í París árið 1889 var samþykkt tillaga frá Frökkum um að 1. maí skyldi vera alþjóðlegur frídagur verkafólks. Og nú verður 1. maí einnig dagurinn sem Hemmi Gunn hætti að reykja.

HEMMI HÆTTIR AÐ REYKJA

NÝTT Á DVD!

KOMA Í VERSLANIR OG Á LEIGUR 6. APRÍL

SAMMYNDIR

David Beckham

ALLT ÞARF AÐ VERA FULLKOMIÐ



David Beckham hefur hefur lýst því yfir að hann sé haldinn áráttu/þráhyggjuröskun sem lýsir sér þannig að hann verður að hafa alla hluti í algjörru reglu.

„Ég er haldinn þannig áráttu að ég verð að hafa alla hluti í beinni röð eða í þörum,“ sagði boltahetjan í viðtali hjá sjónvarpsstöðinni ITV1.

„Ég set dósir inn í ísskáp og ef það er einni of mikið set ég hana í annan skáp. Ef ég fer inn á hótélherbergi get ég ekki slakað á fyrr en ég hef gengið frá öllum bókum og bæklingum ofan í skúffu. Allt þarf að vera fullkomið.“

Tom Cruise



MÉÐ FLUGMENN Á VAKT

Tom Cruise bíður spenntur eftir að unnusta hans Katie Holmes fæði barn þeirra. Von er á barninu innan skamms. Tom, sem er á ferðalagi þessa dagana til að kynna nýjstu mynd sína Mission Impossible 3, hefur ráðið tvo flugmenn á vakt til að fljúga með hann heim í hveli ef fæðingin fer af stað svo hann geti verið viðstaddur.

Tom sagði í viðtali á laugardaginn að þau myndu gifta sig í sumar þegar barnið væri fætt og hann búinn að fylgja Mission Impossible 3 eftir. Skötuhiúin eru víst búnar að velja nafn á barnið en vilja ekki gefa það upp.

Stjarnan úr One Tree Hill

NÝTRÚLOFAÐUR OG NÝTUR SÍN



One Tree Hill stjarnan Chad Michael Murray trúlofaðist á dögnum hinna 18 ára Kenzie Dalton. Murray og Dalton kynntust við

tökur á þættinum One Tree Hill en hún starfar þar á bak við tjöldin.

Murray, sem er 24 ára, var áður giftur leikkonunni Sophiu Bush,

mótleikkonu sinni í One Tree Hill. Þau voru gift í fimm mánuði en Sophia sótti um ógildingu í september síðastliðnum.

p!nk

Söngkonan Pink

Söngkonan Pink hefur viðurkennt að hafa aðeins séð nýbakaðan eiginmann sinn, Corey Hart, þrisvar síðan þau fóru í brúðkaupsferð í janúar. „Samband okkar hefur þó alltaf verið þannig. Við höfum verið saman í 4-5 ár. Við hittumst áður alltaf á hótélum en núna notum við vefmyndavélar. Ég verð þó svolítið stressuð yfir að ýta á vitlausan takka og upptakan endi í tölvunni hjá þabba mínum.“

CYBER SEX

Airbrush brúnkusprey

til heimilisnota



Virkar strax
Endist í 7-10 daga
Náttúruleg brúnka, falleg og jöfn



Lítu vel út í skammdeginu

Pétur Olgeirsson pabbi Lindu Pé og Sævar bróðir hennar eru að leggja lokahönd á glæsibústað í landi Ásgarðs fyrir ofan Grímsnesið

**STJÖRNU-
FRÉTTIR**

NÓG PLÁSS FYRIR LINDU

**Glæsilegur heilsárs-
bústaður** Foreldrar
Lindu Pé hyggjast eyða
ellinni á einni hæð.

Nei, nei, nei, nei. Það er nú bara gamalmenn-
ið í fjölskyldunni sem er að byggja," sagði
Pétur Olgeirsson, faðir Lindu Pé, aðspurð-
ur hvort það væri alheimsfegurðardrottningin sjálf
sem væri að byggja sér þrjú hundruð fermetra
glæsibústað á landi hans. „Ég er að byggja þetta
og Sævar sonur minn með mér. Við hjónin eigum
þessa lóð og næstu lóð fyrir ofan húsið hjá mér.“

En ætlar Linda ekkert að skella upp eins og
einum bústað á landinu?

„Nei, það efast ég um. Það er nóg pláss fyrir
hana hjá mér,“ segir Pétur.

Stórglæsilegt heilsárs- hús

Húsið er 160 fermetrar með 100 fermetra kjall-
ara og er hvergi til sparað í byggingu þess. „Þetta
var fjós í niðurniðslu þarna og ég þurfti að taka
það í gegn. Það var svo fjári dýrt að þetta var nið-
urstaðan. Við ákváðum að byggja bara heilsárs-
hús þarna.

Á svo að selja það?

„Nei, nei. Það er ekkert ákveðið hvað við ger-
um við það. Við ætlum að leigja það út í sumar.
Svo ætlum við að sjá til. Það gæti vel verið að við
hjónin setjumst þar að í ellinni. Það er fínt að vera
á einni hæð þegar maður verður gamall,“ sagði
Pétur að lokum.

Stórtækur með pabba

Sævar Pé
tekur þátt í
að byggja bú-
staðinn með
Pétri.

Alltaf velkominn

Hér er Linda á
æskuslóðum fyrir
ofan gamla fjósið
við Ásgarð.

Dinn tími er kominn!



EFLIF almannatengsi / HNOTSKÖGUR grafísk hönnun

Páskatilboð 40% afsláttur af 6 mánaða og árskortum

Dansrækt JSB er staður fyrir konur á öllum aldri. Notalegt andrúmsloft og fjölbreyttir tímar í boði í opna kerfinu.

Pallar, púl, sveifla, lóð, JSB tímar, teygjutímar, einkaþjálfun, yoga

Vertu velkomin í okkar hóp!

JSB í 40 ár!
Opnum stærri og glæsilegri Dansrækt JSB
19. ágúst

40 ár



Hafðu samband!

www.jsb.is
sími 581 3730

DANSRÆKT

JSB

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

ÉG HEF EKKI VERIÐ AÐ

Hörður Torfa gefur aftur út Taboo og heldur baráttunni áfram



Hörður Torfason
Ætlar að endurútgefa
Taboo í næsta mánuði.

**Baráttu-
maður!**



Leikari „Ég er leikari og fór snemma að vera með eins manns leikhús og þegar ég fór að velja verksvið fór ég að takast á við réttindabaráttu samkynhneigðra og var farinn að ydda blýantinn árið 1975.“

Það er nú margt að frétt af mér, athafnamanninum,“ segir tónlistarmaðurinn Hörður Torfason sem varð sextugur á síðasta ári. „Ég er að endurvinnna gamla plötu sem heitir Taboo og var tabú hér á landi á sínum tíma þegar hún kom út árið 1983. Hún var nánast bönnuð því hún þótti ákaflega sóðaleg en viðhorfið í þjóðfélaginu hefur breyst,“ segir Hörður sem hefur í áratugi staðið í réttindabaráttu samkynhneigðra.

„Platan fjallar um börn nærurinnar sem fólk sagði þá að væru ekki til. Opinberar stofnanir hér á landi viðurkenndu ekki homma og lesbíur og plötunni var tekið með því viðhorfi. Ég fékk ekki dreifingu á henni og stóð í norðangarranum á Lækjartorgi þar sem ég var að selja hana, þá var gaman,“ segir

Hörður og hlær.

„Landslagið var allt öðruvísi en það var hluti af mínu starfi og baráttu að benda á hliðar sem eru kannski óþægilegar,“ segir Hörður en platan kemur út í næsta mánuði.

Öll manneskjur

Hörður hefur í gegnum tíðina verið umdeildur og farið sínar eigin leiðir eins og flestir vita. „Ég er leikari og fór snemma að vera með eins manns leikhús og þegar ég fór að velja verksvið fór ég að takast á við réttindabaráttu samkynhneigðra og var farinn að ydda blýantinn árið 1975,“ segir hann en þá var viðhorfið í þjóðfélaginu að samkynhneigðir væru glæpafólk.

„Það voru allir að reyna að gera mann að glæpamanni og um það fjallar til dæmis Taboo, sem er reyndar söngleikur, skrif-

aður í kringum 1980. Þá var ég útskúfaður maður í þjóðfélaginu en þetta er það sem gefur lífinu tilgang. Að synda á móti straumnum og alhæfingunni í þjóðfélaginu.“

Hörður hefur síðustu þrjátíu og fimm árin reynt að koma fólki í skilning um að það séu fleiri litir á litaspjaldinu. „Það er búin til svona standard týpa í þjóðfélaginu. Og það eiga allir að vera sú týpa til að selja sig. Ég hef ekki farið þá leið og hef ekki reynt að selja mig, heldur ræði við fólk,“ segir Hörður sem leggur áherslu á mennskuna að eigin sögn.

„Við erum öll manneskjur og eignum að þora að gera mistök.“

Vinsæll

Hörður verður með svokallaða Kertaljósatónleika í Borgarleikhúsinu í kvöld, fimmtudags-

kvöld, en í fyrra seldust 1.100 miðar á þremur dögum. „Mér skilst að menn í bransanum gapi yfir þessu, ég veit ekki hvað þetta er,“ segir hann og hlær.

„Ég verð einn, segi og syng sögur. Þetta er svolítið batterí þegar maður er að komast á þennan aldur því þá verður maður að skila af sér lífsverkinu. Menn hafa mikið verið að þrýsta á mig síðustu ár að ég segi söguna. Ég hef verið svolítið einn úti í horni því ég er ekki í eigu annarra.“

Framan af var oftast tómt á tónleikum hjá Herði en undanfarin ár hefur hann ekki þurft að kvarta undan lítilli aðsókn. „Ég stend líka einn í þessu, er ekki með neinn banka eða bakhjarl,“ segir Hörður sem ætlar að kíkja á Kárahnjúka um páskana.

SELJA MIG

**HVAÐ
ER AÐ
FRÉTTA?**

**STJÖRNU-
FRÉTTIR**

„Það voru allir að reyna að gera mann að glæpamanni og um það fjallar til dæmis Taboo, sem er reyndar söngleikur, skrifaður í kringum 1980.“

Einn í þessu Hörður er ekki með banka sem bakhjarl heldur stendur einn í þessu.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Air Iceland



Landsvirkjun



SETT UPP Í SAMSTARFI VÍÐ



LEIKFÉLAG
AKUREYRAR



LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
OPNAR Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI
ÞANN 12. MAÍ 2006

MIÐASALA HEFST 8. APRÍL
Sími miðasölu: 511 4200
Netfang: midasala@opera.is
www.opera.is



ÍSLENSKA ÓPERAN

OPNUNARTILBOÐ:

Ef keyptir eru tveir miðar
eða fleiri færðu ókeypis
geisladisk með tónlistinni
úr sýningunni.

Gildir laugardag og sunnudag
á meðan birgðir endast



LITLA
HRYLLINGS
BÚÐIN

LÍFSSTÍLL

RAUÐI DREGILLINN

Stjörnurnar og dressin



Avril Lavigne

Er misflott í taínu en steig ekki feilspar á Kids Choice Awards. Hún er óhrædd við að blanda saman mynstrum og gerir það vel eins og sést á myndinni.

Stjörnur: 9 af 10

Avril Lavigne



Dolly Parton

Mætti svona til fara í útgáfupartí á dögunum. Dolly er ekki þekkt fyrir að vera flott til fara og bregður svo sannarlega ekki út af vananum hérna. Hvað er málið með hárið á henni?

Stjörnur: 2 af 10

Dolly Parton



Cameron Diaz

Klikkar seint þegar kemur að tísku og tók sig vel út á Kids Choice Awards. Hún var hversdagsleg en töff í þessum jakka og bol með flott hálsmen. Cameron kemst upp með nánast hvað sem er svo við látum uppabrotið ekkert fara of mikið í taugarnar á okkur.

Stjörnur: 7 af 10

Cameron Diaz



Bríet Sunna kvaddi Idolið á föstudaginn

ÞIÐ VERÐIÐ AÐ KAUPA FYRIR MIG IPOD

Vinsæl Bríet var í fullri vinnu við að gefa eigin-handarátanir.

Það var heldur betur fjör í undan-úrslitabætti Idol - Stjórnuleitarinnar á föstudaginn. Þrír kepptu þar um sætin tvö í úrslitunum og var þemað vinsæl lög frá 2005. Tóku keppendur tvö lög við undirleik hinnar frábæru sveitar Ísafoldar. Eftir magnaðan þátt var ljóst að Bríet Sunna þyrfti að kveðja Stjórnuleitina. Hefur hún heillað áhorfendur með einstöku brosi sínu og á köflum mjög finum söng. Snorri og Ína keppta því til úrslita og fóru þau til London um helgina.

„Þið verðið að kaupa fyrir mig iPod,“ sagði Bríet Sunna þegar ljóst var að hún færi ekki með til London. Það stefnir því í magnaðan Idol-þátt annað kvöld þegar þriðja Idol-stjarna Íslands verður valin.

Brosmíldar Þessar stelpur voru heldur betur með það á hreinu hver er í uppáhaldi.

Löng röð Það voru æstir aðdáendur sem vildu ná bestu sætunum.

Keppir til úrslita Ína gat svo sannarlega brosað enda komin í úrslit Idolsins.

Spennt Sigga Beinteins brosti til ljósmyndara rétt áður en hún fór baksviðs.

Datt út Bríet Sunna brosti þótt hún hafi þurft að kveðja.

Tveir eftir!

Idol

Aðdáendur Elísa og Hulda mættu til þess að styðja Bríeti Sunnu.



Flottur Snorri fór á kostum og verður gaman að sjá hann í úrslitunum annað kvöld.

Jóna Kristín Heimisdóttir er ungrú Reykjavík 2006

Á LAUSU!



Glæsilegar! Ásdís Svava Hallgrímsdóttir og Soffía Rún Kristjánsdóttir sem lentu í 2. og 3. sæti með Unni Birnu Vilhjálmisdóttur ungrú heimi.

Hressar
Sigrún tók viðtal við Unni Birnu.



Sjúklega
sætar Stelpurnar í Ungfrú Reykjavík voru stórglæsilegar.



Bjarni Ólafur og Sigrún Bender
Tóku sig vel út sem kynnar á keppninni.



Sætar Aldís Arnardóttir ungrú Vesturland, Elísa Elísdóttir sem lenti í 2. sæti í Ungfrú Vesturland og Heiður Hallfreðsdóttir létu sig ekki vanta á keppnina.

Fegurst! Jóna Kristín Heimisdóttir er stórglæsileg ungfrú Reykjavík.

Gullfalley!

„Ég vinn sem stuðningsfulltrúi í Kársnesskóla eins og er en stefni á nám í íslensku og fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands í haust.“

Keppnin var hörd í Ungfrú Reykjavík, sem haldin var síðastliðinn fimmtudag á Broadway, enda voru þær stórglæsilegar stúlkurnar sem tóku þátt. Það var Jóna Kristín Heimisdóttir sem bar sigur úr bítum. „Þetta leggst vel í mig og ég hlakka til að keppa í Ungfrú Íslandi,“ sagði nýkrýnd fegurðardrottning í samtali við blaðamann Hér & nú. Jónu, sem er 22 ára og úr Hafnarfirði, hefur ekki leiðst undanfarið enda búið að vera brjálað að gera hjá henni. Hún er strax farin að undirbúa sig fyrir keppnina Ungfrú Ísland sem fer fram þann 24. maí.

Jóna Kristín spilaði handbolta með FH sem skytta og í horni í 12 ár en hefur lagt boltann á hilluna og lætur sér nægja að fara í ræktina til að halda sér í formi. Fegurðardrottningin, sem er á lausu, hefur ekki fundið fyrir meiri athygli frá strákum enda ekkert haft tíma til að kíkja út á lífið, en hún fer aðallega að skemmta sér á Oliver, Hverfisbarinn og Vegamót. „Ég vinn sem stuðningsfulltrúi í Kársnesskóla eins og er en stefni á nám í íslensku og fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands í haust,“ segir Jóna hress í lokin.

Glöð í bragði
Jóna Kristín með foreldrum sínum.

Texti: Berglind Halla Elfuðóttir – H&N-mynd: Ómar V



Unnur Birna Krýnir artaka sinn.





Viddi í Greifunum sendi okkur skemmtilega sögu úr bransanum

SORRY, I THOUGHT YOU W

Fyrir 20 árum, eða sumarið 1986, sló hljómsveitin Greifarnir í gegn á Íslandi. Þetta ævintýri byrjaði á því að við unnum Músiktilraunir og fengum ýmis tækifæri í kjölfarið.

Eitt þessara tækifæra var að spila á tónleikum sem haldnir voru 16. og 17. júní í Laugardalshöll í tengslum við Listahátíð. Þær erlendu hljómsveitir sem léku á þessum tónleikum voru

Madness, Simply Red, Fine Young Cannibals og Loyd Cola and the Commotions. Nokkrar íslenskar hljómsveitir fengu að fljóta með, ásamt okkur.

Þessar erlendu hljómsveitir voru mjög stór nöfn á þessum tíma og alls ekki jafn algengt þá að erlendir tónlistarmenn kæmu og spiluðu á Íslandi eins og raunin er í dag.

Lítt reyndur í kvennamálum

Eftir tónleikana var haldið parti fyrir allt liðið á Hótel Borg í boði Listahátíðar. Við Greifarnir mættum auðvitað uppáklæddir í Greifafrökkunum frægu sem voru flottir, rjómahvítir, síðir frakkar með stórum herðapúðum.

Það fyrsta sem ég sé er ég kem í partið er það að ein bak-

raddasöngkonan úr Fine Young Cannibals horfir á mig stórum augum. Þessi kona var forkunnarfögur með kolsvart axlarsítt hár, dökkbrún á lit og mjög kynþokkakfull. Á þessum tíma var ég tuttugu og eins árs og lítið reyndur í kvennamálum.

Hvar fékkstu þennan frakka?

Fyrst hélt ég að þessi kona

„Ég man að hjartað í brjósti mér hamaðist ótt og títt vegna þess að ég gat ekki betur séð en þessi gullfallega kona væri á veiðum og ég væri bráðin.“

Í hvítu frökkunum Þetta eru frakkarnir umtöluðu.

BRANSASAGA

Viddi Var einn sá allra heitasti á hátíndi ferils Greifanna.

Greifarnir Árið 1986, eldhressir og tilbúnir að meika það.

WERE ONE OF THE GREIFS

væri að horfa á einhvern annan og leit í kringum mig eða þá að hún héldi að ég væri einhver annar. En þá brosti hún þessu töfrandi brosi til mín og ég fann að ég roðnaði í framan og vonaði að það sæist ekki í myrkrinu. Ég man að hjartað í brjósti mér hamaðist ótt og títt vegna þess að ég gat ekki betur séð en þessi gullfallega kona væri á veiðum og ég væri bráðin. Nú hafði ég

sko aldeilis dottið í lúkkupottinn.

Þetta yrði spennandi kvöld. Eftir smástund er ég staddur við barinn og finn að einhver sem ilmar alveg sérstaklega vel og kvenlega er staddur við hlið mér. Hikandi sný ég mér við og horfi ákafur í augu hennar. Og hún spyr: Hvar fékstu þennan frakka? \$%#&/% (Hvílík vonbrigði fyrir ungan og óharðnaðan unglínginn.)

Seldi frakkann

Hún var alveg vitlaus í að fá frakkann minn og það endaði með því að Listahátíð greiddi mér fyrir frakkann, fyrir milli-göngu Hrafns Gunnlaugssonar framkvæmdastjóra hátíðarinnar. Stúlkan eyddi síðan restinni af kvöldinu í frakkanum mínum.

Seinna um kvöldið var einn félagi minn í hljómsveitinni orðinn örliðið við skál og taldi sig sjá

Bjössu gítarleikara fyrir framan sig. Bjössu snéri baki í viðkomandi og var í sínum Greifafrakka með sitt axlarsíða, kolsvarta hár. Félaginn sló hressilega í öxlina á Bjössu til að heilsa honum kumpánlega. Þá snéri þokkagöjan úr Fine Young Cannibals sér við og horfði á hann stórum spurnaraugum. Þá hrökk út úr félaganum: Sorry, I thought you were one of the Greifs.

Stjörnurnar skemmtu sér á tískusýningu NTC

VORTÍSKAN SÝND Í SK



Flottur Bjóssi í World Class var eldhress með vinum sínum.



Flottar Kolbrún Pálína og Chloe Ophelia fylgjast vel með tískunni.



Með bylgjur í hárinu Bylgjurnar eru það heitasta í hártískunni.



Flottasta par landsins Svava Johansen í Sautján og kærastinn hennar Björn Sveinbjörnsson.

Flott í sumar Hvítar buxur koma sterkar inn í sumar.



NTC stóð fyrir tískusýningu á laugardaginn í Skútvoginum þar sem vor- og sumarlína Diesel var kynnt. Mikló var lagt í sýninguna sem þótti vel heppnuð í alla staði. Allir sem eitthvað eru í tískuheiminum voru mættir á svæðið, skemmtu sér vel og þáðu veitingar í boði Smirnoff. Heiða í Nikita, Marta María fatahönnuður og Birgitta Haukdal létu sig ekki vanta og eitt heitasta par landsins, Svava Johansen og Björn Sveinbjörnsson, var að sjálfsögðu á staðnum.

Línan frá Diesel er einstaklega flott og sérstaka athygli vakti síður gallakjól með miklum slóða sem hannaður er af forstjóra Diesel. Einungis 18 slíkir kjólar voru gerðir og einn þeirra var sendur hingað til lands. Kjólinn verður seldur á uppboði eftir tvær vikur og mun allur ágóði renna til Forma, samtaka átröskunarsjúklinga á Íslandi. Kjólinn er hægt að sjá í glugga verslunarinnar Sautján á Laugavegi.

Hattar eru heitir Geggjaðir hattar voru á sýningunni.



ÚTUNVOGINUM



Sætar saman

Yesmine, Birgitta Haukdal og Ragnhildur Steinunn létu sig ekki vanta á sýninguna.



Flottur jakki

Þessi jakki var stórglæsilegur á sýningunni.

Sæt á pallinum

Þær voru margar flottar á sýningunni.



Glæsilegur kjóll með slóða

Aðeins voru gerð 18 eintök af þessum fallega kjól sem seldur verður á uppboði. Ágóðinn af sölunni rennur allur til Forma, samtaka átröskunarsjúklinga á Íslandi.



Fréttastofan Bogi
Ágústsson fréttastjóri
stillti sér upp með
Ara Sigvaldasyri, sam-
starfsmanni sínum, og
Ilmi, unnustu hans.

ÁTTA KONUR OG EIN Á



Herbalife Margrét
Hrafnisdóttir og Jón
Óttar Ragnarsson voru
flott í Þjóðleikhúsinu.



Skór.is Daði
Agnarsson og
Ívar Ragnar-
sson tékkuðu á
Katie Melua í
Höllinni.



Katie Melua
Söngkonan fagra
söng um reiðhjól
í Asíu við mikinn
fögnuð viðstaddra.

Leikritið Átta konur var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu um síðustu helgi. Þar var rífastemming og vel fagnað í leikslok. Egill Ólafsson mætti meðal annars með móður sína og Bogi á RÚV lét sig ekki vanta. Á meðan þessar átta konur filuðu sig á sviðinu í Þjóðleikhúsinu fyllti ein stúlka Laugardalshöllina. Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum náði Einar Bárðarson að fylla Höllina með þessari lítt þekktu söngkonu sem reyndar hefur verið spiluð mikið undanfarið. Katie Melua söng um öll reiðhjólin í Peking. Það voru svo Baggalútsmenn ásamt Bjögga Halldórs, Valgeiri Guðjóns og Páli Óskari sem héldur uppi stemmingunni á NASA.



Stemmin Það var rífastemming á NASA.



Hann þarf að hitta mennina
Baggalútur fór á kostum á NASA við Austurvöll um helgina.



REIÐHJÓLI

Kontrí!

Pabbi þarf að vinna
Peir Baggalútsmenn voru flottir með hattana sína.



BO Björgvin Halldórs-son tók lagið með Baggalúti á NASA.



Mæðgin Margrét Ólafsdóttir og sonur hennar Egill sáu Átta konur.



Sætar vinkonur Illmur Kristjánsdóttir og Edda Björg Eyjólfsdóttir föggnuðu Átta konum í Þjóðleikhúskjallaranum.

Ragnheiður Óskarsdóttir verslunarkona er með tískuna á hreinu

SKÓR ERU FASTEIGN



Voffi með góðan smekk „Fríða er mikið fyrir skó og borðar hún reglulega skó frá öllum í fjölskyldunni. Það má vart á milli sjá hvor hefur meiri áhuga á skóm, ég eða hún.“



Röndóttur „Þetta er nýjasti sumarkjöllinn minn. Fyrsta sinn á ævinni sem ég fer í röndótt. Hann er frá Baum und Pferdegarten sem er æðislegt merki.“



Nýjasta nýtt „Þetta eru nýir skór frá Ilse Jakobsen. Ég varð að kaupa mér þá. Þetta er svolítið nýtt lúkk, tain er þínulítið að breikka. Það er svona hálfgerft fiftís-lúkk á þeim.“



Alltaf sigildur „Þetta er uppáhaldsleðurjakkinn minn. Hann er frá Andrew Mark. Þetta er mjög gamall jakki, alveg tíu ára, en ég nota hann enn.“

Í versluninni Ragnheiður á og rekur verslunina Ilse Jakobsen í Garðabænum. Hér er hún með Ilse sjálfri í búðinni.



„Þetta er engin árátta hjá mér, en ég hendi ekki vönduðum og góðum skóm.“

Ragnheiður Óskarsdóttir verslunarkona er með tískuna á hreinu enda hefur hún lengi starfað í bransanum. Hún býr í Garðabænum með eiginmanni sínum, Hallgrími Thorsteinsson, börnum og tveimur hundum. Hún leyfði Hér & nú að kíkja í fataskápinn sinn.

„Þetta er engin árátta hjá mér, en ég hendi ekki vönduðum og góðum skóm,“ segir Ragnheiður um skóeign sína. En hún á urmullinn allan af skóm. „Skór eru orðnir svo flottir í dag að þetta er eins og skart.“

Ragnheiður opnaði verslunina Ilse Jakobsen í Garðabænum síðasta haust og er dugleg að versla við sjálfa sig. „Ég gef mér oftast góðan afslátt,“ segir Ragnheiður og hlær.

Eins og skart „Ég á alveg ofboðslega mikið af skóm. Ég ætla ekki einu sinni að segja hvað marga. Þetta eru alls konar skór, gamlir og nýir, sem ég hef safnað að mér.“

Alger nauðsyn „Glænýir Prada-skór. Þetta er eins og að kaupa sér fasteign. Maður verður algerlega að eiga eina úr hverri kolleksjón frá Prada. Þessa keypti ég mér í Kaupmannahöfn.“

Skemmtilegir skór „Þetta eru nýjustu strigaskórnir mínir. Mér finnst þessir æðislegir, með litlum andlitum og glimmeri.“

Uppáhaldstaskan „Þetta er Marc Jacobs-taska sem ég held rosalega mikið upp á. Ég keypti hana í New York í fyrra.“

fataskápurinn

Hið norska Hér & nú kom í heimsókn til Íslands

Fagrir Norðmenn
Norski hópurinn var eldhress í Laugum þegar Hér & nú hittir hann.

HÉR & NÚ LÍKA VINSÆLT Í NOREGI!

Hópur á vegum norska blaðsins Her og Nå var nýlega á Íslandi. Blaðamenn Hér & nú heilsuðu upp á þetta systurlað sitt og leysti hópinn út með gjöfum.

Um ein milljón gjöfum les norska blaðið Her og Nå í hverri viku en það er byggt upp á svipaðan hátt og hið íslenska Hér & nú. Blaðið hefur komið út í 5 ár og er í mikilli samkeppni við Se og Hør.

„Se og Hør er nú farið að koma út tvisvar í viku en það sem við höfum fram yfir þá er að við skrífum eingöngu um ríka og fræga fólkíð,“ segir Frode Thingstad, blaðamaður hjá Her og Nå, sem var staddur á Íslandi í síðustu viku ásamt ljósmyndaranum Morten Bendiksen og tveimur ungum stúlkum úr norska skíðalandsliðinu.

Heimsmeistari í skíðastökki

Að sögn Frode býður blaðið oft einhverjum frægum í ferðir til útlanda og í staðinn fær blaðið að birta grein um ferðalagið. Að þessu sinni voru það Anette Sagen og Mari Backe sem voru á ferðalagi með Frode, en báðar eru þær vel þekktar í Noregi fyrir hæfileika í skíðastökki og á Anette heimsmet í greininni upp á 174,5 metra. Keppnistímabilinu er nýlökíð og því kjöríð fyrir stelpurnar að skella sér í smá skemmtiferð og slaka á eftir erfitt tímabil og varð Ísland fyrir valinu þar sem SAS Braathens er nýbyrjað að fljúga beint á milli Óslóar og Keflavíkur.

Sjúkar í kartöfluflogur

Stelpurnar voru stórhfrifar af landinu og þá ekki síst Bláa

lóninu en einnig hafði hópurinn farið að skoða Gullfoss og Geysi og átt notalegan dag í Laugum Spa. Þær höfðu einnig gúffað í sig slatta af kartöfluflogum, gosi og öðru sem þær mega ekki borða á meðan þær eru að keppa því þá gildir að vera sem léttastur svo maður svífi sem lengst.

Fljótlega munu Norðmenn geta lesið ferðasöguna í Her og Nå en þar sem blaðið fjallar bara um frægt og flott fólk var ekki annað hægt en spyrja blaðamanninn Frode að því hvort hann ætlaði

ekkert að hitta á fræga Íslendinga í ferðinni. Hann var fljótur að hrista höfuðið og svaraði því til að fyrir mörgum árum hefði hann hitt frægasta Íslendinginn, Vigdísí hinn bogastadóttur – og hann léti það duga.



Til minningar um Ísland Blaðamenn Hér & nú tóku höfðinglega á móti kollegum sínum á norska Her og nå og leysti hópinn út með gjöfum.



Kollegar Jón Mýrdal færir hér kollega sínum Frode Thingstad á norska Her og Nå flösku af Opal-snafsi.

VÖNDUÐ HÚSGÖGN

NÝJAR VÖRUR

kr. 108.600.-

TUNGUSÓFI - SKEMILL FYLGIR

MICROFIBER ÁKLÆÐI
LITIR: LJÓST (BEIGE OG LJÓSBRÚNN)



ÚRVAL HÚSGAGNA Á VERÐUM SEM
KOMA ÞÉR ÞÆGILEGA Á ÓVART



kr. 119.900.-

MEGAN 3JA SÆTA HÆGINDASÓFI

ÍTALSKT LEDUR
LITIR: DÖKKBRÚNN, LJÓSBRÚNN
OG SANDLITADLUR



kr. 84.900.-

PREMIUM SVEFNSÓFI

2JA SÆTA SVEFNSÓFI MEÐ HEILSUÐÝNLI
MICROFIBERÁKLÆÐI



kr. 34.900.-

BOSTON HÆGINDASTÓLL

MEÐ RUGGU OG HÁTT BAK
MICROFIBERÁKLÆÐI
FÆST Í MÖRGUM LITUM

RAFMAGNSNUDD



kr. 43.900.-

MEGAN HÆGINDASTÓLL

MICROFIBERÁKLÆÐI
RAFMAGNSNUDD
LITIR: LJÓSBRÚNN

kr. 43.900.-

BOSTON HÆGINDASTÓLL

MEÐ RUGGU OG HÁTT BAK
ÍTALSKT LEDUR
LITIR: DÖKKBRÚNN OG LJÓSBRÚNN

kr. 59.900.-

MEGAN HÆGINDASTÓLL

ÍTALSKT LEDUR
RAFMAGNSNUDD
LITIR: LJÓSBRÚNN, DÖKKBRÚNN, SVARTUR OG GULLUR

VISA OG EURO
RÆÐGREIÐSLUR

VISALán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

SETT
HÚSGAGNAVERSLUN

OPNUNARTÍMI: **MÁNUD - FÖSTUD** 11:00 - 18:00 **LAUGARDAGA** 11:00 - 16:00 **SUNNUDAGA** 13:00 - 16:00

SETT HÚSGAGNAVERSLUN • ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - SÍMI 534 1400 - WWW.SETT.IS

Það er ekki svo erfitt að fá flottan afturenda

FÁÐU RASS EINS OG J.LO

Ert þú ánægð með rassinn á þér? Flestar okkar eru það ekki. Hann er of stór, of lítill, of slappur eða of krumpaður, listinn er endalaus. En það er engin ástæða til þess að fara bara að grenja og læsa mjaðmabuxurnar inni í skáp. Með réttum þol- og styrktaræfingum getur þú öðlast afturenda eins og þann alræmda sem gerði

Jennifer Lopez að stjörnu.

Stólalýftan

Þetta er ein besta rassæfing sem til er og þú þjálfar einnig lærin með þessari æfingu. Það eru nokkrar útfærslur til af æfingunni en við ætlum að taka stólalýftuna þar sem þú stillir þér upp fyrir framan stól eins og þú ætlir að setjast í hann, með bakið beint og hnén aftar en tærnar. Beygðu þig þar til rassinn á þér rétt snertir stólsetuna og kreistu svo rasskinnarnar saman til þess að standa á fætur. Endurtaktu þetta 10–12 sinnum og hvíldu þig síðan og endurtaktu á ný.

Hnébeygjan

Þessi æfing er erfið en mjög árangursrík. Teygðu vinstri fótinn aftur og beygðu hægri fót í 90° horn, haltu bakinu beinu og maganum inni. Láttu vinstri fótinn síga hægt svo hann nemi við jörðu, haltu þar í andartak og lyftu svo upp aftur. Endurtaktu þetta 10–12 sinnum og skiptu svo um fót.



Utanlærislyfta

Það er í raun ekki lærvöði sem þú þjálfar í þessari æfingu heldur rassinn á þér. Þessa æfingu má bæði gera standandi og liggjandi á hlið. Liggjandi skaltu einfaldlega lyfta öðrum fætinum upp til hliðar og haltu rassvöðvanum spenntum á meðan. Endurtaktu þetta 10–12 sinnum á hvorri hlið fyrir sig.

Hjólreiðar

Hjólreiðar eru frábær leið til þess að þjálf þolið og þær reyna á nánast hvern einasta vöðva í mjöðmum, lærum og rassi. Á hjólinu í ræktinni skaltu til skiptis hjóla rólega í þrjár mínútur og reyna síðan vel á þig í tvær. Haltu þessu áfram í hálf tíma. Einnig er frábært að skrá sig í spinning-tíma en þeir bera svo sannarlega árangur.

Sparkbox

Sparkbox komst mikið í tísku fyrir nokkrum árum en hefur aðeins dalað undanfarið. Það efast þó enginn um að þessar æfingar hjálpa þér að brenna hitaeyningum í massavís og þjálf rassvöðvana vel. Spörkin gera rassinn á þér grjótharðan með tímanum og þú svitnar vel. Flestar líkamsræktarstöðvar bjóða upp á einhvers konar sparkbox-tíma.



Texti: Brynja Björk Garðarsdóttir H&N-mynd: Nordic Photos/Getty

HEILSA

NOKKUR HEILRÆÐI

1. Gerðu rassæfingar við skrifborðið í vinnunni.
2. Drekktu nóg af vatni, það kemur í veg fyrir appelsínuhúð.
3. Taktu stigann í stað lyftunnar, ókeypis rassæfing.
4. Notaðu stígvél eða hjól í ræktinni í stað hlaupabrettisins, þannig þjálfarðu rassvöðvana frekar.
5. Gakktu í vinnuna ef það er mögulegt, þannig brennirðu fitu af rassinum og maganum.



-25%

AFSLÁTTUR AF
**sumar-
dekkjum**



-25%

AFSLÁTTUR AF
**vinnu
við smur**



**Ótrúleg
tilboð!**

**á
jeppa-
dekkjum**

BÍLKÓ
bilko.is

- Betri verð!

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110

 Vaxtalausar léttgreiðslur



Meira fyrir minna!

Bíll frá kr. **1.950** á dag

HASSO

Car-rental

Hasso Ísland - Smiðjuvegi 6, rauð gata, sími 555 333 0

*Verð er án kílómetragjalds.

Tel: **555 333 0**

ALVÖRU FÓLK

Hljómsveitin Mogadon vill bara spila á litlum stöðum



Í svefnrofunum á Hansen Mogadon í góðri stemmingu á náttfötunum.



Flott í tauinu Starfsfólk A. Hansen og góðir kunnar í stuði.



Flottur í slopp Héðinn þenur kontrabassann af krafti og syngur með.



Syngur í silki-náttfötum Haraldur rakari tekur Tom Waits-slagara.

„Við reyndum einu sinni að verða frægir en ég held við höfum aldrei náð nema í besta falli að verða alræmdir.“

Í BESTA FALLI ALRÆMDIR

Á mánudagskvöldið var haldið náttfatapartí á veitingastaðnum A. Hansen í Hafnarfirði. Barinn á efri hæðinni var fullur af náttfataklæddum bjór-, rauðvins- og tónlistarunnendum. Partíið þótti heppnast með eindæmum vel og er það ekki síst að þakka hljómsveit kvöldsins, Mogadon.

Hittust hjá grænmetissalanum

„Við hittumst heima hjá grænmetissalanum okkar og það einhvern veginn kom upp úr dúrnnum að við vorum báðir að spila, hvor í sínu horni, og enginn að gera neitt og við ákváðum að gera eitthvað saman.

Síðan eru liðin mörg ár, þeir greiddu í píku,“ sagði Héðinn Björnsson, rafvirki og kontrabassaleikari Mogadon, um

uppruna hljómsveitarinnar.

Hljómsveitin spilar eigin lög í bland við Tom Waits- og Nick Cave-slagara af mikilli innlifun þar sem hinn meðlimur hljómsveitarinnar, rakarinn Haraldur Davíðsson, spilar á gítar og syngur rámmi en engilfagurri röddu.

Svaka drykkfelldir

„Þetta kom meira og minna til af því að við erum svaka drykkfelldir og okkur fannst það fint að fara á bari til að spila.

Fyrsta starfsárið okkar fór eingöngu í það að drekka á börum. Síðan tókum við okkur smáþásu. En byrjuðum svo að spila og drekka.

Við spiluðum og spiluðum. Fórum til Englands, spiluðum í Bristol, London og úti um allt. Síðan komum við heim og hér erum við,“ segir Haraldur.

Spila fyrir venjulegt fólk

Þeir Héðinn og Haraldur vilja bara spila á litlum stöðum. „Um leið og maður fer að spila á stað sem er stærri en þessi er enginn kominn til að hlusta á live tónlist. Þá gæti alveg verið djúkbox. Á litlum stöðum er maður í kallfæri við kráðið,“ segir Héðinn.

Héðinn var í hljómsveitunum Mæðusöngvasveit Reykjavíkur og Kandífloss og Haraldur var í hljómsveitunum Skrokkabandið og Kredit. Síðan hafa þeir báðir verið að trúbadorast.

„Við reyndum einu sinni að verða frægir en ég held við höfum aldrei náð nema í besta falli að verða alræmdir. Svona stór dæmi eru ekkert skemmtileg, ég hef prófað það. Það er svo ópersónulegt. Við viljum spila

þar sem fólk er venjulegt. Það er málið,“ segir Haraldur.

Plata í farvatninu

Mogadon-menn eru í miðju kafi að gera plötu sem kemur út með vorinu. „Það er mest-magnis frumsamið efni, en þó fá einhverjir slagara að fljóta með. Það er ekki komið á hreint hversu mikið af aukahljóðfæraleikurum verður en það verða örugglega einhver mandolín og banjó eða eitthvað,“ segir Haraldur.

Þeir félagarnir gera sér ekki neinar gyllivonir um sölu á afurðinni. „Við erum ekki með neina drauma um mikla plötu-sölu. En við þurfum bara að losa þetta úr systeminu. Í versta falli eigum við þá afmælis- og jólagjafir handa öllum ættingjunum næstu ár.“

Tantraparið Ingibjörg R. Þengilsdóttir og Jón Jóhann Jóhannsson eiga skemmtilega ástarsögu

EIGNUÐUST HVOLPA Á FYRSTA DEITI

ALVÖRU
FÓLK

„Ég stekk upp og segi: Við giftum okkur bara. Snæfellsnes, prestur og við þarna, þetta er fullkomið.“

Brúðkaupið Fór fram undir berum himni á Snæfellsnesi.



Tantraparið Ingibjörg R. Pengilsdóttir og Jón Jóhannsson hafa verið gift í fimmtán ár.



Flott í þjóðbúningum Ingibjörg og Jón giftu sig í þjóðbúningum.



Ástfangin „Þetta snýst ekkert bara um kynlíf eins og allir halda þótt það sé stór þáttur í því. Þetta snýst bara um að vera meðvitaður í sambandinu og læra að meðhöndla hvort annað eins og við gerum.“

Ástarsagan

Við erum búin að vera saman í rúm tuttugu ár og þar af gift í fimmtán,“ segir Ingibjörg R. Pengilsdóttir miðill sem á skemmtilega ást-arsögu með eiginmanni sínum Jóni Jóhanni Jóhannssyni. „Við kynntumst þannig að ég réði mig í vinnu sem var svolítið langt frá heimili mínu og ætlaði að fá mér bíl til að keyra í vinnuna. Vinnuveitandi minn sagðist þekkja einhvern Jón sem vissi allt um bíla og gæti líklega hjálpað mér,“ segir Ingibjörg en þetta var sumarið 1985.

„Síðan kom maður sem mér leist strax ágætlega á og við fórum á nokkrar bílasölur en vorum aðallega að tala saman. Það endaði svo með því að ég bauð honum heim til mín um kvöldið. Hann kom með tíkina sína sem var hvolpafull og lét nokkuð illa. Síðan bað hann tíkina nokkuð hastarlega að leggjast niður. Ég fór síðan að heyra undarleg hljóð frá henni og þá var hún bara byrjuð að

eignast hvolpana.“ rifjar Ingibjörg upp og bætur því við að fyrsta stefnumótið hafi farið í að taka á móti tíu hvolpum. „Hann fór síðan heim með ellefu hunda morguninn eftir.“

Brúðkaupsnótt í svefnpoka

Ingibjörg sagði við Jón að hann fengi ekkert að flytja til hennar fyrr en þau hefðu gift sig. „Hann var nú ekkert á því að fara að gifta sig en tuðaði alltaf um að hann vildi gifta sig á Snæfellsnesi. Ég skildi aldrei af hverju en við vorum alltaf að reyna að finna einhvern stað og stund,“ segir Ingibjörg en rétt fyrir verslunarmannahelgina árið 1990 fóru þau Jón á mannræktarmót að Hellnum á Snæfellsnesi.

„Við ákváðum að drífa okkur og svo heyrði ég í Guðrúnu Bergmann í útvarpinu þar sem hún var að kynna þetta. Þá var talað um dagskrána og meðal annars að þarna yrði helgi-

stund. Ég stekk upp og segi: Við giftum okkur bara. Snæfellsnes, prestur og við þarna, þetta er fullkomið.“

Ingibjörg segir að Jón hafi bara gapað vegna þess að það var ekki búíð að bera fram neitt formlegt bönorð. „Þetta var svo bara ákveðið með þriggja daga fyrirvara og fór fram undir berum himni þarna að Hellnum. Þarna er heilög lind og það var skálað með heilögu vatni úr lindinni. Við klæddum okkur upp í þjóðbúninga og það var tónlistarkennari úr Ólafsvík sem spilaði á einhvers konar steinaspil.

Presturinn las síðan upp úr uppháldsþókinni okkar, Spámanningnum, án þess að við bæðum um það og skyndilega vorum við bara gift,“ segir Ingibjörg en um kvöldið var dansaður indjánadans. „Brúðkaupsnóttinni eyddum við svo bara í svefnpokum í skítakulda.“

Mælir með tantra

En hver er galdurinn á bak

við gott hjónaband?

„Það er að læra listina að elska meðvitað eins og við gerðum í tantranu,“ segir Ingibjörg en hún og maðurinn hennar voru eitt af þörum í hinum vinsælu Tantrapáttum á Skjá einum.

„Þetta snýst ekkert bara um kynlíf eins og allir halda þótt það sé stór þáttur í því. Þetta snýst bara um að vera meðvitaður í sambandinu og læra að meðhöndla hvort annað eins og við gerum,“ segir Ingibjörg sem hefur mikla trú á tantranu.

„Ég er sannfærð um að ef fleiri hjón og sambýlisfólk myndu tileinka sér þessa tækni myndi hjónaskilnuðum hér á landi töluvert fækka.“

Ingibjörg er miðill og er að læra náttúrufræðingur. „Svo er ég í hálfu starfi í fyrirtæki hjá manningnum mínum. Hann er rafvirki og sérhæfir sig í sjálfvirkum hurðum og öllu sem þeim viðkemur.“

ÞÚ GETUR HLAUPIÐ EN ÞÚ FELUR ÞIG EKKI



Óhugnanlegt Staðurinn
þar sem græni Benzinn
með líkið í skottinu fannst.
Á innföllu myndinni sést
sæluhúsið.

Aðfaranótt þriðjudagsins 17. ágúst 1982 voru fram-
in óhugnanleg myrkraverk
á Skeiðarársandi. Tvær franskar
systur á ferðalagi um landið lentu
í klóm sturlaðs manns sem myrta
aðra þeirra á hrottalegan hátt og
skildi hina eftir í blóði sínu.

Málið vakti mikinn óhug hjá
þjóðinni og var allt tiltækt lið
þjörgunarsveita og lögreglu sent
til að leita mannsins og annarrar
stúlkunnar sem fannst síðan látin
í skottinu á bil mannsins.

Morðinginn villti á sér heimildir

Stúlkurnar, Yvette, 19 ára, og
Marie-Luce, 29 ára, höfðu verið
á ferð um landið frá því í maí.
Þær höfðu séð sér farborða með
því að vinna ihlaupavinnu hér og
þar víðs vegar um landið. Þær
höfðu ætlað að snúa aftur til
Frakklands í lok ágúst en aðeins
önnur þeirra átti afturkvæmt.

Skammt frá Höfn í Hornafirði
bauð maður á grænum Benz
þeim far. Bíllinn var merktur
FÍB. Þær þáðu farið. Það fór vel

á með þeim og ökumanninum
og þær sögðu honum af ferð-
um sínum um landið. Bílstjórinn
sagði stúlkunum að hann sæi um
öryggismál á vegum úti í sam-
starfi við lögregluna og spjallaði
í talstöð á milli þess sem hann
ræddi við við þær.

Hann ók þeim að sæluhúsi
á Skeiðarársandi sem stóð autt
eftir að hafa sniðgengið tvö önn-
ur vegna þess að þau voru upp-
tekin, allavega að hans sögn.

Úlfur í sauðargæru

Maðurinn á græna Benzinum
kvaddi stúlkurnar svo um hálfniú-
leytið eftir að hafa reynt að laga
fyrir þær ofninn í sæluhúsinu.
Þær fóru svo að sofa klukkutíma
síðar eftir að hafa þakkað „the
sheriff“, eins og þær kölluðu
hann, fyrir aðstoðina í gestabók
hússins, grunlausar um hvaða
hrylling þær áttu eftir að upplifa
frá hans hendi.

Fljótlega eftir miðnætti vökn-
uðu systurnar við það að mað-
urinn stóð í myrkrinu í dyragætt
sæluhússins með haglabyssu

í höndum sem hann beindi
að þeim. Hann sagði þeim að
Lögreglan á Akureyri hefði haft
samband við sig og sagt að þær
hefðu verið að reykja hass og
hann hefði verið beðinn um að
færa þær til lögreglunnar.

Stúlkurnar kváðu svo ekki
vera og buðu manninum að leita
í farangri þeirra. Hann sagðist
ekki hafa til þess heimild, þær
yrðu að koma með honum.

Skerandi angistarvein

Þegar stúlkurnar neituðu
manninum tók hroðaleg atburðar-
rás við. Hann fór út í bil og sneri
aftur með rafmagnsvír í höndum
og sagðist ætla að binda aðra
þeirra fyrst þær væru ekki sam-
vinnuþýðar.

Parna voru stúlkurnar orðnar
virkilega hræddar við manninn
sem hafði verið svo liðlegur við
þær fyrr um daginn en stóð nú
yfir þeim með haglabyssu og
rafmagnsvír.

Maðurinn fór út í annað skipti
og kom inn með, auk haglabyss-
unnar, einhvern þungan hlut.

Hann réðst á Marie-Luce og sló
hana nokkrum sinnum harkalega
í höfuðið.

Á meðan á barsmiðunum
stóð sá Marie-Luce að Yvette
tókst að sleppa út úr húsinu,
síðan missti hún meðvitund.
Þegar hún rankaði við sér heyrði
hún skerandi angistarvein litlu
systur sinnar og síðan háværan
skothvell. Aftur veinaði Yvette
og annar skothvellur fylgdi á eftir.
Síðan varð grafarþögn.

Þögnin sem virtist standa í
heila eilífd var síðan rofin þegar
hún heyrði að Benzinn var ræst-
ur og honum ekið á brott.

Skreið blóðug frá Benzinum

Nú vikur sögunni að vörubíls-
stjóra nokkrum sem ók fram á
grænu Mercedes Benz-bifreið-
ina þar sem hún var kyrrstæð
og þveraði veginn skáhalt. Ljós
bílsins voru kveikt og vélin mar-
raði. Bifreiðin var merkt vega-
þjónustu Félags íslenskra bif-
reiðaeigenda.

Við bílstjórahurðina stóð



Handsamaður Morðinginn fluttur í Hegningarhúsið á Skólavörðustíg. Hans var vandlega gætt og sést rétt glittra í hann í kóflóttri skyrtu.



Fjögur skotsár Lík yngri systurinnar flutt um borð í flugvél á Fagurhólsmýri.



„Ég ætla að fá hjá þér riffilinn“ Hellisskúttinn þar sem morðinginn faldi sig.



Hingað og ekki lengra Lögreglu maður stöðvar blaðamenn skammt frá þeim stað sem græni Benzinn fannst á.

Fljótlega eftir miðnætti vöknudú systurnar við það að maðurinn stóð í myrkriinu í dyragætt sæluhússins með haglabyssu í höndum sem hann beindi að þeim.

maður. Vörubílstjórinn hugðist spyrja hann hvort ekki væri allt í lagi. Áður en hann gat spurt heyrði hann skerandi angistarvein Yvette. Maðurinn sem stóð við bílinn sagðist hafa ekið á stúlku og væri hún viti sínu fjær af hræðslu.

Síðan birtist Yvette alblóðug í andliti og á höndum, skríðandi á fjórum fótum aftan við græna Benzinn. Hún náði með herkjum að standa upp og fálmaði sig áfram að vörubílunum: „Please, help me, he try kill me!“

Maðurinn á græna Benzinum sagði bílstjóranum að taka ekkert mark á harmakveinum stúlkunnar, að hún væri ekki með réttu ráði og það hann að fara beinustu leið í þjónustumiðstöðina í Skaftafelli eftir hjálp.

Maðurinn dró síðan stúlkuna nauðuga frá flutningabílnum og lét bílstjórnin í ljós að honum myndist maðurinn beita fullmikilli hörku þar sem stúlkan var greinilega stórslösuð.

Eldir systirin finnst

Maðurinn sinnti því engu og sagði að harkan væri nauðsynleg vegna hversu óð stúlkan væri af skelfingu og brunaði af stað í átt að Skaftafelli þrátt fyrir síendurtekin skelfingaróp stúlkunnar.

Í Skaftafelli fékk hann lögreglumann og tvo landverði til að fara á vettvang á Skeiðarársandi en þegar þangað var komið var ekkert þar að finna. Þau óku áfram en snéru við eftir að hafa keyrt allanga vegalengd. Þegar komið var að afleggjaranum við sæluhúsið á Skeiðarársandi sáu þau stúlku sem hafði vafið um sig svefnpoka, alblóðuga í andliti, koma hlappandi upp á veginn.

Þau tóku stúlkuna upp í. Það kom vörubílstjóranum í opna skjöldu að þetta var ekki sama stúlkan og hafði skriðið undan græna Benzinum. Stúlkan sagði þeim af því sem hafði gerst og að hún óttaðist það versta um örlög systur sinnar.

Líkið finnst

Allt tiltækt lið var kallað út og

hófst fljótt leit um allan sandinn og nágrenni að Yvette og mannum á græna Benzinum.

Leitin bar árangur klukkan níu morguninn eftir þegar bíllinn fannst yfirgefinn úti í vegarkanti við rætur Hafrafells við Svínafellsjökul. Í skotti græna Benzins var lík ungu stúlkunnar, Yvette. Á líkinu voru fjögur skotsár eftir haglabyssu.

„Ég ætla að fá hjá þér riffilinn“

Mikil leit var gerð að morðingjanum og voru sporhundur notaðir til að rekja slóð hans frá Benzinum. Hann fannst að morgni miðvikudags, sólarhring eftir að líkið fannst í skotti bílsins. Hann hafði falið sig í hellisskúta, 500 metra frá bílnum.

Þegar björgunarsveitarmennirnir komu að honum lá hann hreyfingarlaus í hellisskútanum. Hann hafði bæði haglabyssu og skammbyssu við hlið sér en gerði enga tilraun til að grípa til þeirra.

„Ég ætlaði ekki að nota hana

á ykkur, strákar mínir, þetta var algert óviljaverk,“ sagði morðinginn þegar hann var handsamaður. Á skefti haglabyssunnar hafði hann rist:

„Þær voru með hss og þegar ég sagði þeim að koma með á stöðina þá réðust þær á mig ég veit ég gerði vitleysu þess vegna því þið hefðuð aldrei trúað mér.“

Þessari sögu hélt hann til streitu þegar réttað var yfir honum. Hann var dæmdur til 16 ára fangelsisvistar í héraðsdómi árið 1983, sem síðan var staðfest í Hæstarétti.

Lag Bubba Morthens og Rúnars Júlíussonar í GCD, Mýrdalssandur, er byggt á þessum hryllilegu atburðum sem skóku þjóðina svo um munar. Þótt það sé oft sungið í góðri stemmingu við gítarglamur í útilegum minnir það þá sem til málsins þekja á þau hryllilegu voðaverk sem framin voru við sæluhúsið á Skeiðarársandi þessa örlagaríku ágústnótt.



Sirry skrifar um samskipti

Nýríkir „Það eru til fjölmargir nýríkir Íslendingar sem kunna þetta en hinir, eins og efnaða konan sem montaði sig við láglauakonuna, munu einangrast í græðgi sinni og samvisskuleysi.“

RÍKIDÆMI BÝR INNRA

Er græðgi og samvisskuleysi að verða aðalsmerki þess- arar þjóðar?“ spurði Erla Magna spámiðill í grein í Morgunblaðinu nýlega. Þetta vakti athygli mína, sérstaklega vegna þess að ég sat á milli tveggja kvenna um daginn og hlustaði á samtal þeirra. Önnur vinnur við umönnunarstörf, sem eru mikilvæg og erfið störf og illa launuð. Hin vinnur ekki úti en sinnir ýmsum áhugamálum og ávaxtar peninga sína. Þessi efnaða var að segja hinni frá milljörðum sínum, eignum, lúxus og háum lífistandard sem þar til nýlega sást ekki á Íslandi nema í sápu- óperum eins og Dallas. Munur á kjörum þessara íslensku kvenna var svo gígantískur að himinn og haf skilja á milli þess sem þær geta veitt sér. Það hlýtur að vera gaman hjá þessari nýríku íslensku konu að kaupa allt sem hugurinn girnist og ímyndunar-

aflíð getur fundið upp á. En það lýsir samvisskuleysi og græðgi að státa sig svona af þessu við hvern sem er og reyna ekkert að setja sig inn í hugarheim annars fólks. Hin nýríka spurði aldrei út í störf, aðstæður eða áhugamál hinnar vinnandi konu. Það voru því ekki samræður í gangi heldur einhliða frásögn af yfirgengilegum lúxus. Með svona framkomu getur fólk kannski öðlast aðdáun einhverra en líka öfund samferðarmanna. Þetta kallar ekki á samstöðu, samkennd eða vináttu. Montið skapar gjá milli fólks. Og gjá getur gert fólk einmana og vinafátt.

Leggja nöfnin á minnið

Það sem skiptir mestu máli í lífinu er ósýnilegt, eins og til dæmis hlýir straumar milli fólks, samkennd, notalegheit og vináttu.

Þeir sem vilja efla sig og

styrkja samskiptin við aðra þurfa að muna eftir að spyrja til baka, ekki bara segja frá sjálfum sér. Heldur setja sig inn í aðstæður annarra og finna opnar spurningar sem bjóða upp á samræður. Gott er að stefna að því að leggja nöfn sem flestra á minnið, muna eftir einhverju mikilvægu í lífi fólks sem við hittum af og til svo maður geti spurt út í börnin, vinnuna, gæludýrin eða hvað það nú er sem skiptir samferðamanneskjurnar miklu máli. Því með því að sýna áhuga á lífi annarra byggjum við vináttubrú í stað þess að grafa skurði og gjár.

Staupasteinslagið

Það er heimikið til í laglínunni í hinum gamalkunna þætti Staupasteini þar sem sungið er um það að maður vilji vera þar sem maður finnur að vandamálin eru alls staðar svipuð og fólk þekkir mann með nafni.

„You want to be where you can see that trouble are all the same. You want to be where everybody knows your name.“

Einhvern veginn svona er kynningarlag þáttarins. Þegar maður fer til kaupmannsins á horninu eða til hárgreiðslumanns sem sýnir lífi viðskiptavinarins áhuga, þá fær maður þessa góðu tilfinningu, að við séum samferðamenn í þessum heimi. Baldur, hárgreiðslumaðurinn minn á Mojo, kann þetta listilega vel. Hann man eftir hverjum „kúnna“, hvert þeir eru að fara eða hvaðan þeir eru að koma og manni líður eins maður tilheyri þarna. Þetta skapar tryggð og það er gott bæði í mannlegum samskiptum og viðskiptum.

Hvað er að fréttu?

Við erum „Alheimsljós“ sagði góður yogameistari eitt sinn þegar ég kíkta til hans í hug-



Baldur á Mojo

„Hann man eftir hverjum „kúnna“, hvert þeir eru að fara eða hvaðan þeir eru að koma og manni líður eins maður tilheyrri þarna.“

„Þetta kallar ekki á samstöðu, samkennd eða vináttu. Montið skapar gjá milli fólks. Og gjá getur gert fólk einmana og vinafátt.“



MEÐ OKKUR

leiðslu. Við erum öll með kjarna (ljós) sem er hluti af alheimi.

En sumir sjá sig sem alveg „spes“ fyrirbæri og telja sig eiga rétt á mun stærrri hluta kökunnar en aðrir. Þeir verja öllum sínum tíma og allri sinni orku í að skreyta sig með veraldlegu þrjáli. Og þeir sem gleyma ætíð að spyrja til baka: „Hvað er að fréttu af þér? Hvernig hefur þú það? Hvað eigum við sameiginlegt? Hvað get ég gert fyrir þig?“ verða að lokum einangraðir í glysveröld sinni.

Mér var eitt sinn boðið út að borða með bandarískum milljarðamæringum, miðaldra hjónum sem búa við auð og völd. Ég fór í mitt fínasta þúss og vissi ekki við hverju ég átti að búast af svona efnuðu fólki. Þegar á veitingastaðinn kom skáru þau sig ekkert úr, hún var í huggulegum en látlausum kjól og skartið sem hún bar var hálsfesti sem

búin var til úr 200 tölum úr plasti. Barnabörnin hennar bjuggu til litríku festina fyrir hana og henni þótti svo vænt um hana. Hjónin þurftu ekkert að sýna auð sinn og aldrei gortuðu þau sig af veraldlegum eigum sínum. Heldur ræddu um Ísland, fjölskyldu sína, skólamála og ýmislegt fleira sem við höfðum sameiginlegan áhuga á. Þau lögðu áherslu á að finna hvað við áttum sameiginlegt frekar en hve efnahagur okkar er ólíkur.

Ríkidæmi býr innra með okkur og viljum við vera almennilegar manneskjur sýnum við lífi annarra áhuga. Það eru til fjölmargir nýríkir Íslendingar sem kunna þetta en hinir, eins og efnauða konan sem montaði sig við láglaunakonuna, munu einangrast í græðgi sinni og samviskuleysi.



Peningar

Ríkidæmi býr innra með okkur, segir Sirry.

Sigríður Arnardóttir

Skrifar um samskipti í dag.

HEPPINN AÐ VERA EKKI BALLETTDANSARI



Guðmundur Magnússon er á fullu í pólitíkinni og nýbúinn að stofna fyrirtækið Aðgengi ehf.

„Ég hef yfirleitt verið á besta aldri en ég lenti í slysi árið 1976, þá datt ég niður af 6. hæð á steinflísar og hryggbrotnaði,“ segir Guðmundur Magnússon leikari en hann er lamaður frá mitti og niður úr.

„Ég lærði hjá Leikfélagi Reykjavíkur og var þar fyrstu árin og svo á föstum samningi í tvö ár áður en ég fór til Parísar að læra meira. Ég var búinn að vera þar í eitt ár þegar ég var orðinn skítblankur og fór heim á sjóinn,“ segir Guðmundur sem fór aftur út til Parísar laugardaginn 6. nóvember.

„Slysið varð svo kvöldið eftir, sunnudaginn 7. nóvember árið 1976.“

Datt aftur fyrir sig

Guðmundur var þar staddur með félaganum en þeir ætluðu að ná í þann þriðja. „Hann bjó uppi á 6. hæð í Latinuhverfinu og við vissum að hann var ekki með síma og hafði brugðið

sér frá. Portinu að húsinu var lokað klukkan 22 svo við ákváðum að bíða á dyrapallinum eftir honum,“ segir Guðmundur sem varð eitthvað órólegur í biðinni.

„Ég ákvað því að setjast svona afturábak upp á handriðið en fór bara yfir og félagi minn sá á eftir mér.“

Guðmundur segist þó alla tíð hafa verið heppinn maður og á þessum tíma voru tveir spítalar í heiminum nefndir í sérflokk í mænuskaða. „Annar þeirra var í Bandaríkjunum sem var ansi langt flug, en hinn var bara í næstu götu þarna í París svo ég fór þangað. Það var lækni sem bjó þarna í húsinu sem kom að mér strax svo það var engin spurning hvert ég ætti að fara.“

Man ekki neitt

Eftir slysið var Guðmundur með meðvitund en man þó ekki neitt. „Það eru bara viðbrögð líkamans við sjokki að

hann slekkur alveg á minninu viku fyrir og viku eftir, hann tekur bara stóran kafla út,“ segir Guðmundur sem síðar flaug heim til Íslands.

„Um miðjan desember var búið að skera mig og spengja þrjá hryggjarliði vegna þess að það var allt í maski. Ég flaug heim á almenningsfarrými í körfu með lækni, við meira að segja skáluðum á leiðinni, hann var finn náungi.“

Guðmundur var á Borgarspítalanum í nokkrar vikur en fór upp á Grensás í endurhæfingu um miðjan desember og var þar í níu mánuði. „Ég útskrifaðist svo þaðan vegna þess að ég var kominn með vinnu. Þá fór ég að leikstýra uppi í Borgarfirði og hafði gaman af.“

Guðmundur var lánsamur að vera með leiklistarmentunina. „Þetta hefði verið erfiðara ef ég væri ballettdansari eða smiður til dæmis,“ segir hann og hlær.

Framhald á næstu opnu





Guðmundur Magnússon
Er nýbúinn að stofna
fyrirtækið Aðgengi ehf. og
er á fullu í pólitíkinni.

Pingkonan Kolbrún Halldórsdóttir og Guðmundur. Hann er einn af stofnendum Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs.

Málin rædd
Guðmundur ræðir hér við Þorleif Gunnlaugsson.



Heppinn Guðmundur telur sig vera heppinn að vera á lífi eftir fallið af 6. hæð í París.



Settist á þing

Guðmundur hefur verið í hinu og þessu í gegnum tíðina, eins og hann segir sjálfur, en er núna nýbúinn að stofnsetja fyrirtæki sem heitir Aðgengi ehf. „Við erum þrjú í þessu og ég hef náttúrulega mjög góða þekkingu á aðgengismálum því ég hef verið að taka út og meta þetta fyrir hina og þessa.“

Guðmundur hefur einnig verið mikið í félagsmálum og þá aðallega í gegnum Sjálfsbjörgu.

„Svo er það náttúrulega pólitíkin líka. Ég er einn af stofnendum Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs. Og fór reyndar inn á þing fyrir hann Ögmundur núna í þrjár vikur rétt fyrir áramót. Það var mjög áhugavert

og ég gæti vel hugsað mér að gera það að ævistarfi,“ segir Guðmundur og hlær.

„Aðgengið þar er að skána og með byggingu skálans leystu þeir mikið.“

Á fyndinn son


Þrátt fyrir fötlunina heyrir maður fljótt að Guðmundur er mjög lífsglaður maður. „Ég er nú bara svona passlega kærulaus, maður á ekkert að vera að gera eitthvert vesen úr því sem maður getur ekki breytt.

Það var einu sinni viðtal við mig í Mannlífi þar sem fyrirsögnin var eitthvað á þá leið að minn aðalókostur væri hversu opinn og skemmtilegur ég er. Það er mikið til í því.“

Sonur Guðmundar er grínarinn Þorsteinn Guðmundsson sem fetaði í fótspor föður síns í leiklistina. „Mamma hans er nú líka leikari, Helga Þorsteinsdóttir Stephensen, þannig að það var nú eiginlega sterkara í þeirri ættinni,“ segir Guðmundur sem hefur gaman af gríninu í syni sínum.

„Hann svífst einskis, ég hef svolítið séð hann en ég er ekkert að böggja hann á hverju einasta standup-i,“ segir Guðmundur sem einnig er mikill fluguveiðimaður. „Ég stunda það samt ekki nógu mikið. Þegar ég fer, þá er ég aðallega í þjóðgarðinum og svo missi ég aldrei af opnun Elliðavatns 1. maí.“

„Hann svífst einskis, ég hef svolítið séð hann en ég er ekkert að böggja hann á hverju einasta standup-i.“

- 
- ✓ Féll niður sex hæðir
 - ✓ Sat á þingi
 - ✓ Faðir Þorsteins Guðmundssonar
 - ✓ Flugveiðimaður
 - ✓ Nýbúinn að stofna fyrirtæki

Lífsglaður Svandís Svavarsdóttir, oddviti vinstri grænna í Reykjavík, ásamt Guðmundi.

Pórður Ólafsson framkvæmdastjóri Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík

STÆRSTI SIGURINN ER AÐ TAKA ÞÁTT



Unnu til gullverðlauna Margrét Edda og Björgvin Björgvinsson tóku þátt í alþjóðlegu móti í Malmö í febrúar og unnu til gullverðlauna í sínum flokki.

Sterkir
Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Rúnar Guðmundsson voru að taka aðeins á í lyftingasalnum.



Duglegur Ívar
Guðmundsson er með taugalömun en stundar boccia á fullu.

Sterkur!



Það eru um 600 félagar í Íþróttafélaga fatlaðra, um 200 af þeim eru virkir," segir Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri Íþróttafélaga fatlaðra í Reykjavík. „Sá sem æfir mest æfir sex sinnum í viku og tvo tíma í senn," segir Þórður. Þegar blaðamaður ber að garði standa yfir æfingar hjá hreyfihömluðum í boccia. „Þessi hópur getur ekki kastað bolta án hjálpartækja og þarf aðstoðarmenn til að geta stundað íþróttina," segir Þórður. Það leykir sér ekki að allir hafa mjög gaman af því að spila boccia og ánægjan skín úr hverju andliti.

Margar íþróttagreinar

„Hjá okkur eru stundaðar margar íþróttir, til dæmis boccia, borðtennis, bogfimi, frjálsar íþróttir, knattspyrna, lyftingar og sund," segir Þórður og tekur fram að boccia henti mjög vel fyrir alla og sérstaklega þá sem eru mest hreyfihamlaðir. „Þetta eru alvöru íþróttamenn og þetta er bara fólk eins og ég og þú," segir Þórður ánægður íþróttafólkið sitt.

„Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík er eina íþróttafélagið á Norðurlöndum sem á sitt eigið húsnæði og þetta húsnæði er sérhannað fyrir fatlaða," segir Þórður að lokum og bætir við að stærsti sigurinn sé að taka þátt.

Hver er þessi Gillz?

Sveinbjörn Sveinbjörnsson sýnir okkur vöðvana.



Dórey Guðmundsdóttir Keppir í boccia og þykir standa sig mjög vel.



Vignir Unnsteinnsson
Hefur náð mjög góðum árangri í lyftingum.

Umboðsskrifstofan Eskimo er með útibú á Indlandi og hefur verið að gera góða hluti þar. Fyrirsæturnar Kolbrún Pálína og Guðrún Ágústa ætla að freista gæfunnar þar í sumar.

ÆVINTÝRI Á INDLANDI



Glæsileg mamma

Kolbrún Pálína snýr aftur eftir dálitla fjarveru en hún eignaðist barn árið 2004.

Deilir reynslu sinni

Kolbrún Pálína var ungrú Ísland.is árið 2001. Hún ætlar að kenna indverskum stúlkum á módelbransann.



Tinna Bergsdóttir

Hefur slegið rækilega í gegn á Indlandi og er meðal annars í stórrí auglýsingaherferð fyrir Levi's þar í landi.

Gullfalleg Guðrún

Ágústa Kjartansdóttir er 22 ára en hún hefur verið fyrirsæta frá því hún var 15 ára.

Íslenskar fyrirsætur hafa gert garðinn frægan á Indlandi síðustu misseri eftir að Eskimo opnaði skrifstofu í Bangkok. Nýjasta súpermódel Íslands, Tinna Bergsdóttir, hefur til dæmis slegið rækilega í gegn í Levi's-auglýsingum þar í landi. Eskimo hyggur á frekari landvinninga þar og tvær gullfallegar fyrirsætur, þær Kolbrún Pálína Helgadóttir og Guðrún Ágústa Karlsdóttir, eru á leiðinni þangað með sumrinu og ætla að leggja Indland að fótum sér.

Mikið ævintýri

„Ég var ungrú Ísland.is 2001 og er búin að vera í þessu en

ég hef aldrei farið út gagngert til að módelast. Ég var reyndar á leiðinni út árið 2003 þegar ég varð ólétt af syni mínum,“ segir Kolbrún Pálína og er greinilega mjög spennt. „Ég er orðin 25 ára og það er gaman að prufa þetta almennilega. Þetta er líka allt öðruvísi markaður og örugglega mikið ævintýri. Vonandi fær maður bara nóg að gera.“

Kolbrún Pálína ætlar að dvelja í einn mánuð á Indlandi til að byrja með enda á hún eins og hálfis árs son en hún ætlar að halda öllu opnu varðandi framhaldið í sumar og haust.

„Ég er eiginlega að slá tvær flugur í einu höggi með ferðinni.

Ég er búin að vera með fyrirsæturnámskeið hér á Íslandi og mun hjálpa til við að koma á laggirnar sams konar námskeiðum fyrir indverskar unglingsstúlkur í bland við hitt.“

Módel í Milanó

Kolbrún fer ekki ein til Indlands því með henni í för verður Guðrún Ágústa Kjartansdóttir, önnur glæsileg fyrirsæta. „Ég verð í tvo mánuði en það gæti orðið lengra af mér gengur vel,“ segir hin 22 ára Guðrún Ágústa, en hún er þrátt fyrir ungan aldur búin að vera lengi í bransanum.

„Ég er búin að vera í þessu síðan ég var fimmtán ára. Ég fór

til Milanó árið 2001 en svo fór ég að sakna kærastans og fór heim. Síðan er ég búin að klára skólann og vera að módelast hérna heima.“

Guðrún segist hlakka mikið til að reyna fyrir sér á Indlandi enda hefur hún aldrei ferðast út fyrir Evrópu. „Við fáum fína íbúð þarna, svo er maður keyrður á milli og fer í kasting hér og þar og bara gerir sitt besta og vonar það besta. Þetta verður örugglega alveg frábært,“ segir Guðrún og brosir.

Það er greinilegt að útrás íslenskrar feegurðar heldur áfram af fullum krafti og óskar Hér & nú stúlkunum alls hins besta á Indlandi.

Fermingargjafir

fyrir poppara, rappara og rokkara...

Trommusett
frá 36.500 kr.

Kassagítarar
frá 10.900 kr.

Hljómborð
frá 23.900 kr.

Gítarmagnarar
frá 9.900 kr.

Rafmagnsgítarar
frá 15.900 kr.

Mbox með Pro Tools
frá 41.500 kr.


HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

KAFAR MED HÁ

Ingibjörg Björgvinsdóttir er ein af fáum kvenkyns köfurum landsins. Hún hefur ferðast vítt og breitt um heiminn til að sinna þessu áhugamáli sínu og lent í ýmsum ævintýrum.



Skemmtilegt „Það sem er líka svo frábært við köfun er það að þetta er mjög alþjóðlegt sport og á ferðalögum erlendis er yfirleitt alltaf hægt að komast í kynni við þarlanda kafara.“

Á floti Inga hefur séð ýmislegt bæði ofansjávar og neðan á ferðalögum sínum um heiminn.

Það má varla finna auðan blett í vegabréfi Ingibjargar enda hefur hún ferðast til meira en fjöru tíu landa og segist langt frá því hætt. Hún er nýkominn frá Egyptalandi en þar á undan var hún á mánaðarferðalagi um Kína. Næsta ferðalag er óráðið en þeir sem þekkja Ingibjörgu vita að þess verður örugglega ekki langt að biða að hún haldi á vit ævintýranna á nýjan leik.

Afslappandi að kafa

Ingibjörg byrjaði snemma að

ferðast til framandi landa. „Ég fékk að fara í eina utanlandsferð á ári þegar ég var lítil með pabba sem var þá að vinna á fragtara. Mamma hefur líka alltaf haft sjúklegan áhuga á ferðalögum, svo ætli þetta liggi ekki í blóðinu,“ segir Ingibjörg og hlær.

Auk ferðalaganna er köfun aðaláhugamál hennar og reynir hún að sameina þessi tvö áhugamál sín með því að kafa hvar sem hún kemur, það er að segja verði því komið við. Ingibjörg fékk köfunarréttindin í Tælandi árið 1999

og náði sér svo í aðstoðarkennararéttindi í greininni á Galapagoseyjum árið 2004.

„Það er bara allt annar heimur þarna niðri og svo er bara svo afslappandi að kafa,“ segir Ingibjörg, sem er að klára ferðamálafræðina í Háskóla Íslands, en þar að auki er hún lærður sjávarlíffræðingur.

En hvernig hefur námsmaður sem einnig er einstæð móðir með tvær stelpur á framfæri sínu efni á því að kafa í heimsins höfum?

„Ég er lítið að taka þátt í lífs-

gæðakapphaupinu og lífi frekar spart. Köfun er líka afar ódýrt áhugamál þegar maður er búinn að koma sér upp búnaðinum,“ upplýsir Ingibjörg.

Stelpa í strákasporti

Á Íslandi er ekki mikið um það að stelpur kafi og má því segja að hér sé köfun sannkallað karlasport. „Ætli það sé ekki vegna þess að íslenskir kafarar eru oft að kafa við mjög erfiðar aðstæður og því þarftu að vera í góðu líkamlegu formi til þess að stunda þetta. Svo

KÖRLUM

**Heimshorna-
flakkari!**



Kafarastelpa Ingibjörg Björgvinsdóttir elskar að ferðast og kafa.



Á tvær dætur Ingibjörg á tvær dætur og kafar úti um allan heim.

held ég líka að það sé kannski ekki mikill hvati fyrir stelpur að stunda þessa íþrótt vitandi að það séu svo að segja bara strákar í þessu sporti," segir Ingibjörg sem kann samt mjög vel við sig í karlasamfélaginu og hvetur stelpur endilega til þess að prófa þetta.

„Það sem er líka svo frábært við köfun er að þetta er mjög alþjóðlegt sport og á ferðalögum erlendis er yfirleitt alltaf hægt að komast í kynni við þarlenda kafara og komast í köfun – enda er líka takmarkað hversu mikið maður

nennir að liggja í sólinni.“

Gaman að skoða kóralana

Inga hefur séð ýmislegt, bæði ofansjávar og neðan, á ferðalögum sínum um heiminn. Hún hefur til dæmis kafað innan um hákarla við Belize sem hún segir að hafi verið frábær upplifun.

„Nei, ég var ekkert hrædd enda vissi ég að ég var ekki besti bitinn í hópnum hefðu þeir viljað narta í okkur," segir hún og hlær. Aðspurð hvort hún hafi samt ekki einhvern tíma verið hrædd í köfun

„Svo held ég líka að það sé kannski ekki mikill hvati fyrir stelpur að stunda þessa íþrótt vitandi að það séu svo að segja bara strákar í þessu sporti.“

játar hún því og segir að einu sinni hafi búnaðurinn hennar byrjað að leka þegar hún var að kafa við Egyptaland. „Sem betur fer var ég ekki á miklu dýpi og kom mér bara upp úr," segir Ingibjörg og bætir við að Egyptaland sé samt hennar

upphaldsköfunarstaður.

„Ég hef svo gaman af því að skoða kóralana. Það er líka svo fjölbreytt fiskífáan í Rauðahafinu og margar tegundir sem finnast hvergi annars staðar í heiminum en þar.“

Egill Jónasson er næsthæsti maður landsins

HVERNIG ER VEÐRIÐ



Félagarnir Egill er tölvert hærrí en félagar hans í liðinu.



Á fullu Egill lék vel gegn KR á mánudagskvöldið þegar Njarðvíkingar tryggðu sér sæti í úrslitum Iceland Express-deildarinnar.

„Ég á Toyota Corolla-bíl en ég fer ekkert á bílasölur og vel mér bíl, maður þarf að máta hann. Það er smá höfuðverkur að langa í einhvern bíl en passa svo ekki inn í hann.“

„Já, við höldum það, ég er 216 sm og veit bara um einn sem er hærrí,“ segir Egill Jónasson næsthæsti maður landsins. Egill spilar sem miðherji hjá meistaraflökki Njarðvíkur í körfubolta enda með hæðina í körfuboltann. „Þetta er mitt þriðja tímabil með meistaraflökki en annars er ég uppalinn Njarðvíkingur og hef verið í körfuboltanum síðan ég fæddist,“ segir Egill sem vakið hefur mikla athygli á vellinum í vetur.

„Ég hef nú alltaf verið stærstur en ég tók nokkra stóra kippi í lokin. Ég veit svo sem ekkert

hvernig er að vera svona stór, ég get ekki borið mig saman við það að vera lítil,“ segir Egill og hlær en hann segist stöðugt heyra sömu brandarana.

„Hvernig er veðrið þarna uppi?“ er vinsæll brandari, ég er annars eiginlega hættur að heyra þessa brandara. Þú getur spurt strákana í skólanum, þeir eru alltaf eitthvað að skjóta á mig,“ segir Egill sem er lærður rafvirki.

Rafvirki

„Stærðin hentar mjög vel í það að skipta til dæmis um ljósaperu. Yfirmennirnir í vinn-

unni voru allavega mjög ánægðir með að ég þyrfti ekki að nota neinn stiga,“ segir Egill sem er reyndar kominn í Háskólann í Reykjavík. „Ég er á frumgreinssviði sem er undirbúningsnám í áframhaldandi tækninám. Ég er ekkert búinn að ákveða hvað ég geri eftir það, en þetta er góður grunnur.“

Egill segist örlítið hafa verið í fótboltanum á sínum yngri árum. „Maður elti bara strákana en stærðin sagði mér að fara í körfuboltann. Mér skilst að Arsenal sé að skoða einhvern leikmann sem er 208 sm þannig

það eru líka risar í fótboltanum,“ segir Egill sem heldur því fram að hann sé í stærstu fjölskyldu landsins.

Hæsta fjölskylda landsins

Faðir Egils er 204 sm á hæð og móðir hans 178 sm. „Svo á ég tvær systur sem eru 186 eða 185 sm, þannig að þetta er svolítið hávaxið.“

En hvernig er það þegar þú ert að ná þér í stelpur og svona, þurfa þær ekki að vera hávaxnar? „Jú, maður reynir það.“

Egill segist eiginlega alveg vera hættur að taka eftir því

ÞARNA UPPI?



Egill Jónasson
216 sm og ansi
ógnandi inni í
teignum.



Einbeittur Þriggja
stiga skyttan Krist-
ján Sigurðsson
virkar eins og það
við hlið Egils.

að fólk horfi öðruvísi og tali öðruvísi við hann. „Það var nú bara svona fyrst en ég er alveg hættur að spá í þetta.“

Í grunnskóla var Egill að slefa í tvo metrana og var þar af leiðandi hærri en kennararnir. „Það má alveg líta á það sem kost, það eru ekkert allir sem geta talað niður til þeirra,“ segir Egill og hlær.

Langar í atvinnumennsku

Egill viðurkennir að hann eigi oft í miklum vandræðum með að fá á sig fót. „Ég kaupi aðallega fót frá Bandaríkjunum og panta

þá bara. Svo er ég í skóm númer 49 sem sleppur alveg hérna heima. Ég á til dæmis bara ein jakkaföt sem eru sérsaumuð, ég fékk þau reynar í gegnum Njarðvíkurliðið,“ segir Egill sem er bjartsýnn á að Njarðvík muni hampa Íslandsmeistartitlinum innan skamms.

„Ég á Toyota Corolla-bíl en ég fer ekkert á bílasölur og vel mér bíl, maður þarf að máta hann. Það er smá höfuðverkur að langa í einhvern bíl en passa svo ekki inn í hann,“ segir hann og hlær.

En ætlar næsthæsti maður

landsins ekkert í atvinnumennskuna?

„Jú, maður hefur alveg verið að skoða það og á eftir að prófa það einhvern daginn, það er bara spurning hvenær. Draumurinn er náttúrulega að komast til Bandaríkjanna en svo eru Þýskaland og Spánn líka heillandi.“ Egill lék vel gegn KR á mánudagskvöldið þegar Njarðvíkingar tryggðu sér sæti í úrslitum Iceland Express-deildarinnar.



Grannur Egill
er mjög grannur og virkar því enn hærri en ella.

Sólveig Kr. Bergmann talar um táraflóð, tug gæludýra, Kofi Annan og Tantra-lagið.

1. Gekk á glóandi kolum

„Fyrir á árinu gekk ég berfætt yfir 6 metra langan haug af glóandi kolum. Það var ekki grillpartí sem endaði svona illa, heldur var þetta liður í námskeiði sem ég villtist inn á.“

2. Átti fullt af gæludýrum

„Á tímabili átti ég á annan tug gæludýra. Nú á ég bara hund og hest.“

3. Snýtti sér í dömubindi

„Ótrúlegustu hlutir geta framkallað táraflóð hjá mér. Þetta getur orðið vandræðalegt eins og þegar vinkona mín dró upp pakka af Vespré-dömubindum í Háskólabíói svo ég gæti snýtt mér og þurrkað.“



4. Alltaf í 101

„Ég fæddist í íbúð á Bergstaðastræti og hef ég bara flust til um eina eða tvær götur síðan þá. Er ekki viðsýnni en svo að ég geti hugsað mér að breyta því.“

5. Gæti villst í undirskál

„Sem gæti útskýrt hversu auðveldlega ég villst ef ég hætti mér úr miðbænum. Fjölskyldan fullyrðir að þetta sé fötlun og að ég gæti hæglega villst í undirskál.“

6. Var í sama skóla og Kofi Annan

„Ég lærði til BA-prófs við lítinn skóla í Minnesota í Bandaríkjunum. Þar voru Kofi Annan, Walter Mondale, Svanur Kristjánsson og Jón Hákon Magnússon einnig við nám.“



7. Mömmustelpa

„Ég var komin vel á fjórða aldursár þegar ég hætti á þrjústi.“

8. Hætti á fiölu og byrjaði að reykja

„Eitthvað það vitlausasta sem ég hefur gert var að hætta að spila á fiölu eftir átta ára nám og taka í staðinn upp þann leiða ósið að reykja.“



9. Söng Tantralagið

„Hver man ekki eftir Tantra-páttunum á Skjá einum þar sem fólk ræddi opinskátt um kynlíf sitt? Heldur færri muna eftir upphafslagi þáttarins en það söng ég.“

10. Kemst ekki fyrir í Þjóðskrá

„Nafnið mitt er svo langt að það kemst ekki fyrir í Þjóðskrá. Það hryggir mig, Sólveigu Kristbjörgu Bergmann Puriðardóttur.“



10

hlutir sem þú vissir ekki um mig...

SÖNG TANTRALAGIÐ

NÝI ÖKUSKÓLINN

Öll vinnuvélaréttindi
Öll ökuréttindi
Skapaðu þér þitt
eigið góðæri



Nýi ökuskólinn **et** húsinu Klettagörðum 11

S: 588-4500 www.et.is

SKEMMTUFGASTA I HEITVIT SPURNINGAKEPPNI

SPURNINGAKEPPNIN SPURÐU VIN ÞINN



1. Hvað heitir galdrakarlinn í Strumpunum og hvað heitir kötturinn hans?
2. Með hvaða sveit er Nylon að fara á tónleikaferðalag um Bretland?
3. Hvaða ár sagði Jóhanna Sigurðardóttir svo eftirminnilega: „Minn tími mun koma!“?
4. Hvaða borg kölluðu norrænir menn Miklagarð?
5. Hvað fékk Bubbi Morthens háar miskabætur samkvæmt Bubbadóminum svokallaða?
6. Hver skrifaði bókina Auðlegð þjóðanna (Wealth of nations)?
7. Hver varð borgarstjóri á eftir Geir Hallgrímssyni?
8. Hvaða númer hafði körfuknattleiksmaðurinn Kevin Johnson í NBA-deildinni?
9. Hvað kemur á eftir: „Hér stóð bær með burstir fjórar...“?
10. Hver er þjálfari karlaliðs KR í knattspyrnu?
11. Hvað heitir Henson?
12. Hvaða ár gekk Ísland í NATO?
13. Hver er ritstjóri tímaritsins Sirkuss?
14. Hver er unnusta Geirs Sveinssonar fyrrverandi handboltakappa?
15. Hvað heita frægustu tennissystur í heimi?
16. Hvað heitir aðalmarkvörður karlaliðs Breiðabliks í knattspyrnu?
17. Hvað heitir læknirinn í þáttunum Lost?
18. Hver keypti myspace-vefsvæðið fyrir skömmu?
19. Með hvaða áleggstegundum er svokölluð Hawaian-pitsa á Dominos?
20. Við hvaða götu stendur Seðlabanki Íslands?



MÉDALS KORID ÚR ÞESSARI KEPPNI ER 9 STIG

1. Kjaran og Brandur
2. Westlfe
3. 1994
4. Ísland
5. 700.000
6. Adam Smith
7. Þittgir ísleitur Gunnarsson
8. Sjó
9. „Hér stóð bær á lágum hól“
10. Teitur Þórarson
11. Halldór Einarsson
12. 1949
13. Sólmundur Hólm
14. Jóhanna Vilhjámsdóttir
15. Venus og Serena Williams
16. Hjörvar Hafliðason
17. Jack
18. Rubert Murdoch
19. Skinku og ananas
20. Kalkofnsveg (1)

SKOPMYND VIKUNNAR



Hann lítur út eins og eitthvert fífl úr Village People!




Ég væri til í svona skegg.

Mér finnst þú nú bara nokkuð sexí svona.

ÚRSLITAPÁTTUR IDOLSINS

HÉR & NÚ KROSSGÁTAN

NR.28

	1	2	3		4	5	6				
				7		8		9			
	10			11	12						
	13	14			15				16	17	
18				19	20			21	22		
23			24		25		26	27		28	
	29			30			31			32	
33			34			35		36		37	
		38					39	40		41	42
43	44				45		46		47	48	
49				50	51				52		53
	54					55		56			57
						58		59	60	61	
	62							63			

LÁRÉTT

- 1 BLÁSTUR (3)
- 4 SUSS (3)
- 8 BLEKKING (3)
- 10 NAFNORÐ (2)
- 11 NEYTA (5)
- 13 AÐSIÁLL (4)
- 15 KOMUMST (5)
- 16 FRÚ (2)
- 18 SKORDÝR (3)
- 19 BRAK (4)
- 21 VEIÐI (4)
- 23 HELMINGUÐ (4)
- 25 FUGL (5)
- 28 SNÍKJUDÝR (3)

- 29 KRAPI (5)
- 31 EINKAR (3)
- 32 JAFNVEL (3)
- 33 BORÐADI (2)
- 34 ÍLÁT (4)
- 36 SKARKALI (5)
- 38 BAKTALA (6)
- 40 TVEIR EINS (2)
- 41 TVEIR EINS (2)
- 43 UNGUR HESTUR (4)
- 45 UPPHRÓPUN (3)
- 47 Á FÆTI (2)
- 49 SKÝRA FRÁ (3)
- 50 ÆÐA (5)
- 52 STEFNA (4)

LÓÐRÉTT

- 1 RIFJA UPP (4)
- 2 RÁÐAGERÐ (5)
- 3 TVEIR EINS (2)
- 5 HROSSHÓPUR (4)
- 6 HEYSÆTI (4)
- 7 FYRIR INNAN (5)

- 9 VEIKJA (4)
- 12 BÚA JÁRNI (5)
- 13 FLJÚAST Á (5)
- 14 HEIMSKAUT (4)
- 17 TRÖLL (4)
- 18 ÍPRÓTTAFÉLAG (2)
- 20 AFTURKÖLLUN (5)
- 22 BÆLI (4)
- 24 FETILL (5)
- 26 NÖGL (3)
- 27 ÓSKIPTI (4)
- 30 STEINBOGI (3)
- 33 SVANUR (4)
- 35 URMULL (4)
- 37 SKYLDI (4)

- 38 RÁ (3)
- 39 AFHENDING (5)
- 42 VOG (6)
- 44 UPPHRÓPUN (2)
- 46 FLEY (3)
- 48 HÆÐ (2)
- 50 LJÓMA (4)
- 51 KONU (4)
- 53 EIÐAST (4)
- 54 BÓKSTAFUR (3)
- 56 INNILOKAÐ SVÆÐI (3)
- 58 SEM (2)
- 60 SAMANBURÐAR-
TENGING (2)
- 61 Á LIÐANDI STUNDU (2)

NÝTT

Americanflex®

Glæsileiki



BOX COM BAÜ

Fúlkomin lausn!
Nýttu plássið. Frábærar lausnir í
unglingaherbergjö, sumarbústaðinn
eða hvar sem er.



DUPLO BOX

Nýttu plássið. Frábær lausn í
unglingaherbergjö

BUONO

Mjög vandað rúm með Bonnel sjálfstæðu
gormakerfi. Sérstyrkt á hliðum og miðju.
Ofnæmisprófað, og vandað rúm.

Feringartilboð

120 x 200 verð kr.59,900.-



RÚM&SÓFI
húsgagnaverslun

Borgartúni 28 · 105 Reykjavík · Sími 5618833

hér&nú

STÚLKAN

**Tinna Rós
Sigurðardóttir
17 ára**




Ég er að vinna á Hrafnistu í Reykjavík og líkar bara mjög vel," segir Tinna Rós Sigurðardóttir sem verður 18 ára í júní. „Ég er nýflutt til Reykjavíkur frá Hvamms-tanga þar sem ég hef búið allt mitt líf. Þetta er allavega skárra en að búa á einhverju krummaskuði," segir Tinna sem býr með vinkonu sinni. „Ég hef svolitinn áhuga á tónlist og er aðeins að syngja.“ Hún þorði þó ekki að skella sér í Idolið í ár. „Ég fylgist aðallega með American Idol, mér finnst ekkert rosalega hæfileikaríkir söngvarar hérna heima.“ Tinna á ekki kærasta en neitar því ekki að vera að leita. „Ég er allavega með annað augað opið.“

Nýkomin risasending - Allt nýjar vörur Lægra verð og meira úrval



Strengir frá 493 - Brjóstahaldar frá 993,-kr
Mjög mikið úrval í öllum stærðum



Reykjavík 517-1773
Sæbraut/Holtavegur

Opið
Virka daga 10.00 til 22.00
Laugardaga 12.00 til 21.00
Sunnudaga 14.00 til 20.00

Akureyri 461-3031
Sunnuhlíð
Opið

Virka daga 10.00 til 19.00
Laugardaga 12.00 til 18.00
Sendum um allt land
Sendingar bera ekki nafn Adam og Evu

**Adam
& Eva**
MEGASTORE
adamogeva.is

KAUPTU EKKI KÖTTINN Í SEKKNUM

BJÓÐUM EVRÓPUGERÐIR MEÐ 24 MÁN. VERKSMÍÐJUÁBYRÐ



GRAND CHEROKEE

GERÐU RÉTTAN VERÐSAMANBURÐ

Jeep



Evrópugerð Grand Cherokee

CRD 2006 **Diesel Mercedes Benz**

Sýningarbíll á staðnum

Ath. Nýir bílar frá Evrópu

Eigum á lager nokkra nýja
Jeep Grand Cherokee

Evrópugerðir með 2ja ára verksmiðjuábyrgð

Verð frá kr. 4.790.000.-

Grand Cherokee Ltd. og Laredo
með 3.0 L. V6 Mercedes Benz Dieselvél
Stuttur afgreiðslutími



Studiobilar ehf. Sími: 5400 800 - Fax: 5400 801
Smiðsbúð 2 210 Garðabær - E-mail: studiobilar@studiobilar.is

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Sérhæft þjónustuverkstæði með bilanaleitatölvu sem tryggir
vönduð vinnubrögð

Opið mánud.-föst. kl.9-18 laugard. kl.12-16

Hringdu núna...

Sími 5400 800

www.studiobilar.is

20% afsláttur af Nicorette Freshmint*



Bragð sem endist lengur

nicorette[®]
nicotin

*Tilboðið gildir til 30. apríl

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Nicorette nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætt á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leiði til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. www.nicorette.is